

# ÁRSSKÝRSLA SHA 2022-2023





2022-2023





Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri

Útgefandi  
Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

Árskýrsla 2022

Ritstjóri

Sólveig Birna Elísabetardóttir

## Efnisyfirlit

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri.....	5
Ávarp formanns .....	5
Skýrsla Stúdentaráðs .....	9
Stúdentaráð.....	9
.....	10
Skýrsla Framkvæmdastjórnar.....	11
Pistill frá framkvæmdastjórn .....	11
Aðalfundur 2023.....	13
Landssamtök íslenskra stúdenta .....	18
Skýrslur fastanefnda SHA .....	22
Alþjóðanefnd .....	22
Kynninganefnd.....	24

Viðburðarnefnd .....	27
Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri .....	29
Háskólaráð .....	30
Gæðaráð .....	33
Jafnréttisráð .....	37
Umhverfisaráð .....	39
Vísindaráð .....	41
Stjórn FÉSTA .....	42
Aðildarfélag SHA .....	43
Árskýrsla Eirar .....	49
Árskýrsla Kumpána .....	52
Árskýrsla Magister .....	55
Árskýrsla REKA .....	62
Árskýrsla Stafnbúa .....	66
Árskýrsla Þemis .....	70
Ársreikningur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri .....	75
Ársreikningar aðildarfélaga .....	78
Ársreikningur Data .....	78
Ársreikningur Eirar .....	80
Ársreikningur Kumpána .....	82
Ársreikningur Magister .....	84
Ársreikningur Reka .....	86
Ársreikningur Stafnbúa .....	88
Ársreikningur Þemis .....	90



## Stúdentafélag Háskólans á Akureyri

### Ávarp formanns

Það hefur verið mikill heiður og forréttindi að gegna embætti formanns Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Ég vona að ég stúdentar séu ánægðir með störf mín sem formaður, þar sem ég hef lagt allt mitt í Stúdentafélagið og gert mitt allra besta. Áður en ég tók við sem formaður SHA bjó ég yfir þónokkurri reynslu í hagmsunabaráttu og félagslífi við Háskólann á Akureyri. Ég hafði áður verið formaður Magisters, félags kennararnema tvö ár í röð ásamt því að sinna öðrum stöðum í ráðum og nefndum innan HA. Það býr ákveðinn sjarmi yfir félagsstörfum við HA og hafa öll þau verkefni sem ég hef tekið að mér verið skemmtileg og lærdómsrík. Það er því með miklum heilhug að ég fer frá borði eftir fjögur ár með bros á vör og tilbúinn að takast á við næstu verkefni.

Markmið mitt þetta starfsárið var að vera fyrst og fremst til staðar fyrir samnemendur mína svo að þeir myndu treysta mér og leita til mín. Því ekki væri mikill tilgangur með mínu starfi ef enginn myndi treysta mér né leita til mín. Í Öðru lagi var að koma til móts við nemendur eins og ég gat og gæta þess að allir stúdentar við HA fái sama aðgengi hvort sem þeir stunda nám á Akureyri eða annarstaðar.

Ég vissi um leið að ég vildi taka virkan þátt í þessu samfélagi og leggja mitt af mörkum til að efla það og styrkja enn frekar. Ári seinna fór ég að sinna hagsmunagæslu stúdenta og setti mér markmið að vera ávallt til staðar fyrir stúdenta háskólans. Sérstaklega fyrir stúdenta sem þurfa á stuðningi að halda þegar kemur að því að leita réttar síns og standa á sínu. Það gaf því auga leið að þegar ég var kosin formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA) var það mitt leiðarljós – að vera til staðar fyrir ykkur, stúdentar. Ég vil því nota tækifærið hér og nú og þakka ykkur, stúdentum við Háskólann á Akureyri, fyrir að treysta mér og leita til mín þegar eitthvað liggur ykkur á hjarta – því saman getum tekist á við krefjandi verkefni og klifið himinhá fjöll.

### Stúdentar eru hjarta háskólans

Án stúdenta væri Háskólinn á Akureyri ekki neitt. Það má því segja að stúdentar háskólans séu hjarta hans – án hjartans væri ekkert líf. Félagslífið við Háskólann á Akureyri er margrómað en eins og í öðrum samfélögum höfðu samkomutakmarkanir vegna heimsfaraldurs töluverðar áskoranir í för með sér. Við erum þó að vinna okkur út úr þessu aftur og stefnum á enn öflugra og sterkara námssamfélag og einstakt félagslíf. Það eru þó alltaf ófyrirséðar breytingar þegar

hrist er hressilega upp í samfélaginu. Í haust þegar Sprellmótið fór fram var fjöldi stúdenta að taka þátt í fyrsta skipti þrátt fyrir að vera stúdentar á þriðja ári. Það má með sanni segja að það hafi verið breyttur bragur yfir mótinu. Fyrir þá sem til þekkja kann þetta að vera mikið sjokk því stúdentafélögin, Stafnbúi og Reki eru allt í einu orðnir vinir og ýmsar hefðir sem voru hér ríkjandi fyrir heimsfaraldur heyra nú sögunni til. Þannig breytast hefðir.

### **Hlustað á stúdenta**

Forsvarsmenn Háskólans á Akureyri eiga hrós skilið fyrir að hlusta á raddir stúdenta og sýna vilja til þess að vinna með stúdentum í stað þess að vinna á móti þeim. Þegar eitthvað bjátar á eða álitamál koma upp þar sem stúdentar eru ekki sáttir og finnst jafnvel á sér brotið getum við verið viss um að traustir verkferlar eru til staðar. Á okkur er hlustað þó svo að allir séu ekki alltaf sammála þá finnum við þó yfirleitt góða niðurstöðu í sátt og samlyndi. Þessi góða undirstaða samskipta forsvarsmanna Háskólans á Akureyri og SHA má ekki glatast. Sérstaklega núna þegar háskólinn stefnir í nýja stefnumótun. Því geri ég fastlega ráð fyrir því að sjónarmið stúdenta verði höfð að leiðarljósi.

### **Látum til okkar taka**

Kæru stúdentar Háskólans á Akureyri. Ég vona svo sannarlega að þið sjáið ykkur hag í því að taka virkan þátt í að mynda, móta og efla einstakt námssamfélag við háskólann okkar. Það gerið þið á fjölbreyttan hátt með því að mæta í lotur, læra saman á „teppinu“, mæta á viðburði SHA og ykkar aðildarfélaga, taka þátt í nefndum og ráðum háskólans og SHA og svo mætti lengi telja. Hér eru tækifærin til staðar og hvet ég ykkur til þess að nýta þau. Í störfum mínum innan SHA hef ég lært svo ótal margt og það er ekki síðri lærdómur en háskólagráðurnar. Þátttaka í stúdentapólitík og hagsmunagæslu stúdenta er frábær og gefandi og einstakur undirbúningur fyrir það sem koma skal.

Ég er stolt af því að leiða Stúdentaráð SHA til góðra verka. Stúdentaráð samanstendur af fjölbreyttum hópi einstaklinga þar sem ólík sýn og skoðanir mætast. Hópurinn stendur þó fyrst og fremst saman af metnaðarfullum einstaklingum sem setja stúdenta í fyrsta sæti. Takk fyrir ykkar óeigingjörnu störf og ég hlakka til áframhaldandi vinnu með ykkur, því við erum bara rétt að byrja.

*Akureyri, 28. mars 2023*

*Sólveig Birna H. Elísabetardóttir*

*Formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri 2022-2023*

*Stúdentafélag Háskólans á Akureyri er félag allra innritaðra stúdenta við Háskólann á Akureyri. Félagið er fyrst og fremst hagsmunafélag stúdenta, bakland og sameiningartákn aðildarfélaga þess og þeirra aðila sem sinna trúnaðarstörfum á vegum félagsins. Stúdentafélag Háskólans á Akureyri hefur yfirumsjón með viðburðum á sviði skemmtana-, íþróttá- og fjölskyldumála og stendur á bakvið aðildarfélög sín til þess að sinna þessum málaflokkum innan sinna deilda. Félagið stendur vörð um hagsmuni heildarinnar, stuðlar að bættri heilsu og líðan stúdenta og vinnur náið með starfsfólki háskólans að kynningarmálum, hagsmunamálum og öðru því sem snertir stúdenta, beint eða óbeint. Auk þess sem félagið vinnur náið með hagsmunafélögum annarra stúdenta, sérstaklega í gegnum LÍS – Landssamtök íslenskra stúdenta.*



## Skýrsla Stúdentaráðs

### Stúdentaráð

Stúdentaráð fer með æðsta vald félagsins milli aðalfunda, tekur bindandi ákvarðanir fyrir framkvæmdastjórn og fulltrúa félagsins, stendur við bakið á stúdentum í ráðum og nefndum og er þeim innan handar í embættisstörfum þeirra. Stúdentaráð skipa framkvæmdastjórn, formenn aðildarfélaganna og formenn fastanefndanna sem kosnir eru til eins árs í senn auk þess á fulltrúi stúdenta í Háskólaráði HA á sæti í stúdentaráði.

#### *Stúdentaráð starfsárið 2022-2023:*

**Sólveig Birna H. Elísabetardóttir**, formaður

**Silja Rún Friðriksdóttir**, varaformaður

**Hermann Biering Ottósson**, fjármálastjóri

**Sóldís Diljá Kristjánsdóttir**, formaður Data

**Eydís Sigfúsdóttir**, formaður Eirar

**Guðrún Ósk Aðalsteinsdóttir**, formaður Kumpána

**Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir**, formaður Magister

**Hörður Hlífarsson**, formaður Reka

**Kristján Birkisson**, forseti Stafnbúa til ágúst, við tók **Friðbjörg María Björnsdóttir**, forseti Stafnbúa

**Aðalheiður Kristjánsdóttir**, formaður Þemis

**Kristján Bjarki Gautason**, formaður Alþjóðanefndar

**Alda Rut Sigurðardóttir**, formaður kynningarnefndar til ágúst, við tók **Lilja Margrét**

**Óskarsdóttir**, formaður kynningarnefndar

**Berglind Vala Valdimarsdóttir**, formaður Viðburðanefndar

**Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir**, fulltrúi stúdenta í háskólaráði

**Erla Salome Ólafsdóttir**, fulltrúi stúdenta í gæðaráði HA

**Sigurjón Þórsson**, fulltrúi fjarnema, sagði af sér í apríl.

### *Pistill frá stúdentaráði*

Fyrsti formlegi stúdentaráðsfundurinn var haldin 7. mars 2022. Alls voru 11 formlegir fundir á starfsárinu. Á starfsárinu áttu upphaflega 17 einstaklingar sæti í stúdentaráði en vegna breytingar sem gerð var á síðasta Aðalfundi, var lagt niður starf fjarnemafulltrúa og því fækkaði um einn fulltrúa þegar fulltrúi fjarnema í stúdentaráði sagði af sér. En bættist þó við fulltrúi nýsköpunar- og frumkvöðlaráð en sú staða var ekki síðasta skólaár.

Á fyrsta fundi stúdentaráðs var farið yfir starfsemi félagsins og áætlanir gerðar fyrir komandi starfsár. Allir fulltrúar stúdentaráðs hafa lagt sitt af mörkum þegar kemur að hagsmunamálum og staðið sína vakt vel og örugglega. Aðildarfélög héldu frábæra viðburði og SHA skipulagði stóra viðburði sem voru vel sóttir.

Líkt og síðustu þrjú starfsár hefur SHA haft þjónustusamning við Stúdentaráð Háskóla Íslands – SHÍ um lánasjóðsfulltrúa SHÍ, en fulltrúinn þjónustar stúdenta HA og annarra opinberra háskóla landsins. Mikilvægt er að tryggja áframhaldandi farsælt samstarf. Á komandi starfsári þarf að kynna þessa þjónustu betur fyrir öllum stúdentum HA og gætu nýnemadagar HA verið tilvaldir til þess.

Mikið hefur verið lagt upp úr öflugri og góðri þátttöku SHA í starfsemi LÍS og hefur það skilað stúdentaráði miklu hvað varðar hagsmunabaráttu stúdenta. Stúdentafélag HA hefur verið aðili að yfirlýsingum LÍS og lagt sig fram um það að rödd stúdenta HA gleymist ekki enda er gríðarlega mikilvægt að taka pláss í umræðunni.

*Akureyri, 28. mars 2023*

*Sólveig Birna H. Elísabetardóttir*

*Formaður Stúdentaráðs 2022-2023*

## Skýrsla Framkvæmdastjórnar



*Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, Silja Rún Friðriksdóttir og Hermann Biering Ottósson.*

Undir stúdentaráði starfar framkvæmdastjórn félagsins. Hún samanstendur af formanni, varaformanni og fjármálastjóra SHA. Fjármál og daglegur rekstur félagsins er á höndum þessara þriggja aðila og skulu þeir meðal annars annast miðlun upplýsinga er varða starfsemi félagsins, hafa samskipti við yfirstjórn sem og utanaðkomandi aðila. Þeir geta ekki tekið ákvarðanir um skuldbindingar félagsins án þess að hafa samþykki meirihluta stúdentaráðs á bak við sig. Framkvæmdastjórnin sér um að halda skrifstofu SHA opinni fyrir stúdenta.

### *Framkvæmdastjórn starfsárið 2022-2023 skipa:*

**Formaður:** Sólveig Birna H. Elísabetardóttir

**Varaformaður:** Silja Rún Friðriksdóttir

**Fjármálastjóri:** Hermann Biering Ottósson

### **Pistill frá framkvæmdastjórn**

Þegar ný framkvæmdastjórn tók við hófu þau vinnu við að skipuleggja starfsárið sem beið þeirra. Nýtekin framkvæmdastjórn hafði mismikla reynslu á nefndarstörfum innan skólans. Sólveig Birna hafði setið í stúdentaráði síðustu tvö ár sem formaður Magister og var því kunnug í stúdentaráði. Silja Rún sat í viðburðarstjórn og var öflug í sínu starfi. Hermann hafði ekki reynslu á nefndarstörfum innan SHA og var að stíga sín fyrstu skref þar. Fyrsta verkefni framkvæmdastjórnar var að fara á Landsþing LÍS á Hólum helgina 4-6. mars og voru þær Silja

Rún og Sólveig Birna sem fóru á þingið. Þingið var vel sótt af fulltrúum stúdenta úr öllum helstu hagsmunasamtökum stúdenta á Íslandi og mikilvæg málefni voru rædd. Þema þingsins þetta árið var nýsköpun. Ný framkvæmdastjórn fékk svo einnig það skemmtilega verkefni að taka við keflinu af fyrri stjórn og halda árshátíð helgina eftir þann 12. mars sem heppnaðist ótrúlega vel. Silja Rún og Sólveig Birna stóðu svo vaktina á Háskóladeginum sem haldinn var í Háskólanum á Akureyri þann 19. mars þar sem allir háskólar landsins kynntu námsframboðið sitt. Þann 30. mars kom Áslaug Arna háskólaráðherra í heimsókn til okkar og bauð nýkjörnu stúdentaráði ásamt fráfarandi stúdentaráði á fund til að ræða hin ýmsu mál, á fundinum var m.a mikið rætt um stöðu hjúkrunarfræðinga á Íslandi og að raunin er sú að það sé í raun nóg til af menntuðum hjúkrunarfræðingum en vandamálið er að þeir haldast ekki í starfi vegna álags. Sjálfstæðisflokkurinn á Akureyri bauð stúdentum við HA í Vísindaferð þann 29. apríl og var góð mæting. Vinsti grænir buðu einnig stúdentum í vísindaferð þann 12. maí og um kvöldið var síðan próflokpartý SHA haldið á Vamos þar sem Berglind og Hermann þeyttu skífum.

Útilega SHA er orðin að hefð. Hún var haldin á Steinsstöðum í Skagafirði helgina 1.-3. júlí þar sem veðrið og góða skapið var í hávegum haft. Ágúst trúbador mætti á föstudagskvöldinu og hélt uppi fjöri fram eftir kvöldi. Nýnemadagar HA voru haldnir 23–26. ágúst. Stúdentaráð SHA var með grill alla dagana í hádeginu fyrir nýnema og starfsfólk til þess að bjóða þau velkomin í skólann. Föstudagurinn, 26. ágúst var Nýnemadagur SHA þar sem skemmtilegur ratleikur ásamt grilli var haldið upp í skóla og endaði dagurinn með góðu nýnemapartýi í Sjallanum. Eftir nýnemavíkuna var Stúdentaráð tilbúið að takast á við nýtt skólaár og var hinn árlegi vinnufundur haldinn þann 23. september. Á vinnufundinum var farið yfir stefnu félagsins og starfsemi félagsins kynnt fyrir nýjum fulltrúum. Einnig áttu nokkrir aðilar innan háskólasamfélagsins erindi, þ.m.t. rektor, markaðs- og kynningarsvið, sviðsforseti hug- og félagsvísindaviðs og forseti LÍS 2022.

Sprellmót SHA sem er einn af stærstu viðburðum stúdentafélagsins fór fram föstudaginn, 16. september. Mætingin var frábær en 200 manns mættu og tóku þátt í fjörunu. Mikil eftirsókn var fyrir Sprellmótið og fylltist skráning á nokkrum klukkutímum. Dómarar voru, líkt og áður starfsfólk skólans. SHA tók þátt í Opnum dögum Háskólans á Akureyri 27.-28. október en þar var framkvæmdastjórn með skemmtilegan bás þar sem kynnt var fyrir menntskælingum starfsemi stúdentafélagsins og fulltrúar frá öllum deildum kynntu námið sitt

Samstarfið við lánasjóðsfulltrúa SHÍ hélt áfram og kom lánasjóðsfulltrúinn norður til að ræða við stúdenta um ýmis mál og boðið var upp á vöflur með. Á Fullveldisdegi Íslands sem

oft er kenndur við dag stúdenta er hefð fyrir því að hringja Íslandsklukkunni og SHA ákvað að bjóða upp á kakó og piparkökur. Stúdentaráð fékk boð frá forsetafrú til að koma á Bessastaði og fór stór hluti Stúdentaráðs suður á hennar fund. Stóra Vísó var haldin 26.-29. janúar og var frábær þátttaka, farið var í fimm sameiginlegar vísindaferðir; Orkusöluna, Blush, Símann, Sjálfstæðisflokkinn og Minigarðinn. Aðildarfélagin stóðu sig mjög vel í skipulagningu sinna vísindaferða og margt fjölbreytt var í boði þar.

Stúdentaráð hélt og skipulagði árshátíð SHA 2023, miðasalan gekk vonum framur og var uppselt á árshátíðina.

Beiðnir bárust í fræðslusjóð SHA á en fræðslustyrkir voru veittir til Særúnar Önnu Brynjarsdóttur og Kristíönnu Mjöll Arnardóttur Olsen á vormisseri 2022, og Hermanns Biering og Guðdís Bennýjar á haustmisseri 2023.

Við í framkvæmdastjórn erum afar þakklát fyrir það góða samstarf sem við höfum átt við stjórnendur skólans. Við höfum átt reglulega samráðsfundi með rektor sem hafa skilað góðum árangri. Það sem stendur upp úr þessu starfsári er samstaðan og sveigjanleikinn sem einkennir skólann. Fráfarandi framkvæmdastjórn vill þakka stúdentaráði, starfsfólki og stúdentum HA fyrir ógleymanlegt starfsár og óskar nýrri framkvæmdastjórn og stúdentaráði velfarnaðar í starfi.

*Akureyri, 28. mars 2023*

*Sólveig Birna H. Elísabetardóttir formaður SHA 2022-2023*

*Silja Rún Friðriksdóttir, varaformaður SHA 2022-2023*

*Hermann Biering Ottósson, fjármálastjóri SHA 2022-2023*

## **Aðalfundur 2023**

### *Fundargerð*

*28. mars 2023 í Hátíðarsal og á Zoom*

**Fundarritari:** Silja Rún Friðriksdóttir, Sálfræðinemi

**Fundarstjóri:** Sólveig Birna H. Elísabetardóttir, Kennaranemi

## Gestir fundarins: X félagsmenn mættir

### 1. Fundur settur

Sólveig Birna formaður félagsins setur fundinn klukkan 14:03 flytur ávarp formanns. Hann þakkar sérstaklega framkvæmdastjórn, stúdentaráði og öllum þeim aðilum sem hafa lagt sig fram og veitt hjálparhönd á starfsárinu.

### 2. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Sólveig Birna formaður félagsins tilnefnir sjálfa sig sem fundarstjóra fundarins, það er samþykkt. Sólveig Birna tilnefnir Silju Rún, varaformann SHA sem fundarritara fundarins, það er samþykkt.

### 3. Skýrsla framkvæmdastjórnar um störf félagsins á liðnu ári

Sólveig Birna formaður, SHA fer yfir ársskýrslu félagsins um störf framkvæmdastjórnar og stúdentaráðs á liðnu starfsári. Sólveig les hana upp en þar koma fram helstu atriði er varðar hagsmunabaráttu stúdenta á starfsárinu, telur upp þá viðburði sem félagið hefur staðið fyrir og hrósar og þakkar stúdentaráði og fulltrúum SHA í nefndum og ráðum HA fyrir vel unnin störf. Skýrslu stúdentaráðs og framkvæmdastjórnar má lesa í heild sinni í Ársskýrslu SHA.

### 4. Skýrsla fjármálastjóra, ársreikningar bornir upp til samþykktar

Hermann Biering Ottósson fjármálastjóri SHA fer yfir ársreikninga félagsins. Starfsárið gekk vel og tekur ný framkvæmdastjórn við góðu búi. Hægt er að sjá ársreikning í ársskýrslu SHA. Að lokum þakkar hún fyrir samstarfið og óskar nýrri stjórn velfarnaðar í starfi. Í lokin er ársreikningurinn borinn upp til samþykktar og er hann samþykktur einróma.

### 5. Samþykktabreytingar

Sólveig Birna Elísabetardóttir tekur við orðinu og fer yfir samþykktabreytingatillögur félagsins. Tíu samþykktabreytingatillögur voru bornar upp til samþykktar.

#### Breytingatillögur:

1. **5. grein – skipun stúdentaráðs SHA:** Breyta formaður verður forseti og varaformaður verður varaforseti. Samþykkt einróma.
2. Aflagðar breytingar sem koma í kjölfar breytingum 5.gr að formaður verður forseti og varaformaður verður varaforseti. Samþykkt einróma.



3. **6a. grein** – viðbót við stúdentaráðsfundir: Félagsmaður getur borið upp vantraust á framkvæmdastjórnarmeðlimi og er það gert á opnum stúdentaráðsfundi tillagan þarf að hljóta samþykki 2/3. Samþykkt einróma
4. **21. grein** -fjárhagur aðildarfélaga: breytingar lausafjárstöðu við stjórnarskipti eftir stærð aðildarfélaga. Samþykkt einróma.
5. **29. grein: Félagsfundir:** taka út erindið um vantraust þar sem hann færðist í 6a grein. Samþykkt einróma.
6. **32. grein** – fulltrúar í umhverfisráði: fækkað úr þremur í tveim. Samþykkt einróma.
7. **16. grein** - nýsköpunar og frumkvöðlanefnd: Ný fastanefnd, hægt að lesa allt um hana í 16 grein. Samþykkt einróma.
8. **22. grein** – aðild að aðildarfélagi: Hægt er að skrá sig úr aðildarfélagi en til þess að fara í nýtt aðildarfélag þarf að greiða 5000 kr. skráningargjald. Samþykkt einróma.
9. **32. grein** – Á aðalfundi eru að auki kosnir fulltrúar í eftirfarandi embætti: Siðanefnd tekin út. Samþykkt einróma.

Allar breytingartillögur voru samþykktar einróma. Loks eru samþykktirnar bornar upp til samþykktar í heild sinni og eru þær samþykktar einróma.

## 6. Kosningar í framkvæmdastjórn SHA

Sólveig Birna Elísabetardóttir fundarstjóri fer yfir framkvæmd kosninga. Sólveig Birna Elísabetardóttir bauð sig ein fram í embætti formanns og telst því sjálfkjörin. Hanna Karin Hermannsdóttir bauð sig einn fram í embætti varaformanns og telst því skjálfkjörin. Ragnheiður Rós Kristjánsdóttir bauð sig einn fram í embætti fjármálastjóra og telst því sjálfkjörin. Sólveig Birna þakkaði fyrir traustið fyrir hönd og hlakkar til áframhaldandi samstarfsins á komandi misserum fyrir hönd framkvæmdastjórnar.

## 7. Kosningar í önnur embætti

Silja Rún Friðriksdóttir bauð sig ein fram í embætti formanns Kynningarnefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin.

X bauð sig ein fram í embætti aðalfulltrúa í Háskólaráð til tveggja ára og telst hún því sjálfkjörin. X bauð sig fram sem varafulltrúi í Háskólaráði til eins árs og var það samþykkt einróma.

X bauð sig einn fram í stjórn FÉSTA til tveggja ára og telst hann því sjálfkjörinn. X bauð sig fram sem varafulltrúi í stjórn FÉSTA og var það samþykkt einróma. Vantar þá einn varafulltrúa og verður það borið upp síðar.

X bauð sig einn fram sem aðalfulltrúi í Gæðaráð Háskólans á Akureyri og telst hann því sjálfkjörinn. X og X buðu sig fram sem varafulltrúar. Samþykkt einróma.

X bauð sig einn fram sem skoðunarmaður reikninga Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og telst hann því sjálfkjörinn.

X og X buðu sig fram sem aðalfulltrúar í Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri. X og X buðu sig fram varafulltrúar. Samþykkt einróma.

X bauð sig fram aðalfulltrúi í Vísindaráð HA og X sem varafulltrúi. Samþykkt einróma.

X bauð sig fram sem aðalfulltrúi í Kannanateymi Háskólans á Akureyri og X sem varafulltrúi. Samþykkt einróma.

X bauð sig fram sem aðalfulltrúi í Umhverfissráð Háskólans á Akureyri. Óskað er eftir tveimur aðalfulltrúum og tveimur til vara í Umhverfissráð Háskólans á Akureyri. Verður það borið síðar.

SX bjóða sig fram sem aðalfulltrúar á háskólafund Háskólans á Akureyri. Xbjóða sig fram sem varafulltrúar. Samþykkt einróma.

X bauð sig fram í embætti formanns Alþjóðanefndar SHA og telst hann því sjálfkjörinn.

X bauð sig ein fram í embætti formanns Viðburðarnefndar SHA og telst hún því sjálfkjörin.



## **8. Önnur mál**

Enginn önnur mál voru á fundinum.

*Fundi slitið: 18:12*

## Landssamtök íslenskra stúdenta

*Sameinuð rödd stúdenta*



### *Hvað er LÍS*

Landssamtök íslenskra stúdenta, eða LÍS voru stofnuð í Háskólanum á Akureyri þann 3. nóvember árið 2013 og fagnar því 10 ára afmæli á árinu. LÍS eru samtök háskólanema á Íslandi sem og íslenskra háskólanema á erlendri grundu. LÍS eru regnhlífarsamtök og standa að þeim átta aðildarfélög sem eru í forsvari fyrir stúdenta við Háskólann á Akureyri, Háskólann á Bifröst, Landbúnaðarháskóla Íslands, Listaháskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík, Háskólann á Hólum, Háskóla Íslands og fyrir íslenska stúdenta sem stunda nám erlendis. LÍS eru því í forsvari fyrir rúmlega 20 þúsund íslenskra stúdenta. Hlutverk samtakanna er að standa vörð um hagsmuni háskólanema hérlandis sem og hagsmuni íslenskra stúdenta á alþjóðavettvangi og um leið skapa samstarfsvettvang fyrir íslensk stúdentafélög. Samtökin skulu vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu hagsmunasamstarfi stúdenta og vinna að samræmingu gæðastarfs í íslenskum háskólum. Þau hafa umboð til samningagerðar, framkomu gagnvart stjórnvöldum, fjölmiðlum og öðrum aðilum fyrir hönd íslenskra stúdenta.

Í fulltrúaráði samtakanna sitja tveir fulltrúar frá hverju aðildarfélagi en á landsþingi tilnefnir hvert aðildarfélag einn fulltrúa til setu í tvö ár. Fulltrúaráð fer með æðsta ákvörðunarvald innan LÍS á milli landsþinga. Í framkvæmdastjórn sitja formaður, varaformaður, ritari, fjármálastjóri, alþjóðaforseti, gæðastjóri, markaðsstjóri og jafnréttisfulltrúi sem kosnir eru í embætti á landsþingi. Framkvæmdastjórn sækir umboð sitt til fulltrúaráðs. Sólveig Birna H. Elísabetardóttir og Silja Rún Friðriksdóttir eru aðalfulltrúar í fulltrúaráði LÍS fyrir hönd SHA og Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir og Hörður Hlífarsson eru varamenn.

Landsþing LÍS fer með æðsta ákvörðunarvald samtakanna en það er haldið á hverju ári. Þar hittast öll aðildarfélög LÍS og kjósa um helstu málefni samtakanna. Einnig er unnin bæði innri og ytri stefnumótun í samstarfi við framkvæmdastjórn og nefndir LÍS.

### *Verkefni LÍS*

Samtökin halda utan um verkefni af ýmsum toga en helst mætti nefna skipulagningu ýmissa málþinga og viðburða tengdum málefnum stúdenta, þátttöku stúdenta í gæðaúttektum á námi í háskólum landsins, alþjóðastarf íslenskra stúdenta og skipun fulltrúa stúdenta í ýmsar nefndir. Í gegnum þessi verkefni gegna LÍS einnig mikilvægu hlutverki þar sem samtökin vinna að því að stúdentar njóti jafnréttis og að raddir allra hópa innan háskólasamfélagsins heyrir. Þá eru LÍS aðildarfélag að European Students' Union (ESU) sem eru regnhlífarsamtök fyrir landssamtök stúdenta í Evrópu. Þátttaka í starfi ESU krefst þess að fulltrúar sækji ráðstefnur og þing sem haldin eru í Evrópu. LÍS taka þátt í samstarfi NOM sem er bandalag landssamtaka stúdenta á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum.

### *Stefnumótun*

LÍS hefur lagt ríka áherslu á að samtökin séu byggð á sterkum stöðum og er stefnumótun lykilhlutverk í því ferli. Hingað til hafa samtökin nýtt landsþing LÍS sem vettvang til að heyra sem flestar raddir íslenskra stúdenta og fengið til liðs við sig fagfólk við frekari stefnumótun út frá því. Þema landsþings árið 2016 var nýsköpun og rannsóknir. Á landsþingi 2017 var þemað gæðamál og var yfirskrift þingsins „Hvers virði er mín menntun? Efling stúdenta í gæðamálum“. Á landsþingi 2018 var þemað „Jafnrétti til náms“ og á starfsárinu, í kjölfar þingsins var unnið að jafnréttisstefnu samtakanna sem lögð var fyrir landsþing 2019 og samþykkt þar. Þema landsþingsins árið 2019 var „Sjálfbærni og háskólasamfélagið“. Þema landsþings 2020 var „Velferðarmál og nærumhverfi stúdenta“ en þingið var haldið helgina 6. til 8. mars á Akureyri. Þema landsþings 2021 var „Menntun á umrótartímum“ en þingið var haldið á Bifröst. Næsta þing verður haldið á Hólum í Hjaltadal og er yfirskrift þess „Nýsköpun og rannsóknir“. Landsþing 2023 var haldið á Akureyri þann í

### *Samstarfsvettvangur*

Eitt af mikilvægustu hlutverkum LÍS er að skapa virkan samstarfsvettvang meðal aðildarfélaganna sinna. Til þess að fullnægja því hlutverki skipuleggur LÍS viðburði og fundi með það að markmiði að samræma starf íslenskra hagsmunasamtaka. Þetta hlutverk er breytilegt eftir því hvað er í gangi í samfélaginu hverju sinni og stundar því LÍS stöðuga endurskoðun og aðlögun.

### *Stuðningur við aðildarfélög*

Í gegnum þann samráðs- og samskiptavettvang sem LÍS skapar fá aðildarfélögin tækifæri til að læra af og hjálpa hvoru öðru. Á landsþingi LÍS 2020 fékk SHA stuðningyfirlýsingu frá LÍS og aðildarfélögum varðandi ákall SHA til stjórnvalda vegna fjármögnunnar Háskólans á Akureyri. HA hefur stækkað mikið frá því að fjárlög til háskóla á Íslandi voru fryst fyrir nokkrum árum þvert á þróun í öðrum skólum landsins. Aðgangstakmarkanir hafa verið nýttar til þess að geta tryggt gæði náms þrátt fyrir að fjármagn hafi ekki aukist í takt við fjölda nemenda. Vegna aðgangstakmarkana hefur HA lágsta samþykktarhlutfall allra háskóla landsins.

### *Það helsta á árinu*

Það var nóg um að vera hjá LÍs og aðildarfélögum þetta skólaár. Landssamtök íslenskra stúdenta og Samband íslenskra framhaldsskólanema sendu mennta- og barnamálaráðherra og háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra bréf sem fjallaði um kröfu frá þeim, að skoðað verður ýtarlega áhrif þess að námstími til stúdentsprófs var stytur úr fjórum árum í þrjú ár. LÍS og aðildarfélög unnu í sameiningu að herferð um endurskoðun á lögum um Menntasjóð námsmanna sem bar yfirskriftina: Háskólamenntun í hættu, SHA styrkti herferðina fjárhagslega.

Tilgangur herferðarinnar er að vekja athygli á vantkönum námslánakerfisins og afleiðingum þeirra, fyrir stúdenta, háskólamenntaða og samfélagið í heild. Markmiðið er að þrýsta á stjórnvöld að gera nauðsynlegar breytingar á fyrirkomulagi námslána.

### *Verkefni SHA vegna LÍS*

Á starfsárinu var lögð áhersla á virka og öfluga þátttöku SHA í LÍS. Fulltrúar okkar hafa því sótt reglulega fulltrúaráðsfundi á vegum samtakanna, mætt á þá undirbúnir og tekið virkan og góðan þátt í starfi á fundum. SHA tók virkan þátt í skipulagningu Landsþings LÍS sem haldið





verður á Akureyri í lok mars. Sólveig Birna hefur verið öflug í landsþingsnefnd við skipulagningu.

## Skýrslur fastanefnda SHA

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri starfræktar fastanefndir. Þær starfa eftir verklagsreglum, samþykktum af stúdentaráði SHA og eiga formenn fastanefnda sæti í stúdentaráði.

## Alþjóðanefnd

Alþjóðanefnd er tengiliður við erlenda nemendur við Háskólann á Akureyri og vinnur náið með starfsmönnum alþjóðasviðs háskólans, Rúnari Gunnarssyni og Hildi Friðriksdóttur. Í alþjóðanefnd sitja formaður sem kosinn er á aðalfundi SHA til eins árs í senn ásamt fulltrúum úr hverju undirfélagi, einn fulltrúi úr hverju félagi, sem kosnir eru á aðalfundum félaganna til eins árs í senn. Alþjóðanefnd starfar eftir verklagsreglum sem settar eru af stúdentaráði ár hvert.

### *Alþjóðanefnd 2022-2023*

**Kristján Bjarki Gautason**, formaður

**Berglind Vala Valdimarsdóttir**, fulltrúi Magister

**Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir**, fulltrúi Þemis

**Hörður Hlífarsson**, fulltrúi Reka

**Silja Rún Friðriksdóttir**, fulltrúi Kumpána

### **Pistill frá Alþjóðanefnd**

Pistill frá Alþjóðanefnd.

Pokkalega vel heppnað starfsár að líða. Viðburðir hefðu getað verið fleiri en vegna aðstæðna þá var ekki hægt að standa við þá alla.

Þann 14. apríl 2022 var haldið kareoke og páska „pub-quiz“ fyrir skiptinema sem voru þá að fara á Ölstofunni og var mæting góð. Þar náðum við að rétt kynnast þeim skiptinemum. Í lok misseris var svo próflokapartý SHA og var mæting skiptinema betri en búist var við.

Síðan tók við sumarið og var þónokkuð langt í næsta viðburð, með nýju skólaári komu nýjir skiptinemar. Fyrsti viðburðurinn var haldinn 1. september 2022 og var hann á Ölstofunni. Þar var mæting mjög góð eða um 50 manns. Við náðum að kynnast skiptinemunum vel á fyrsta hittingi og fólk var ánægt. Áætlaður kostnaður var þó mun minni en raunkostnaður, en það hafði ekki áhrif á framhaldið, en hefði mögulega gert það ef allt hefði farið eins og átti að gera varðandi viðburði.

Í fyrsta skipti var búinn til WhatsApp hópur fyrir skiptinemana og gekk það vonum framar. Í gegnum þann hóp hvöttum við skiptinemana til þess að mæta á Sprellmótið, sem var seinna í september og var mæting þeirra á þann viðburð góð, í raun mun betri en búist var við.

Um mánaðarmót nóvember og desember var haldið jólahlaðborð fyrir þennan skiptinemahóp í samstarfi við Rúnar og Hildi og gekk það vel og var fólk áhugasamt að smakka nýjan mat. Í lok þessa misseris var svo próflokapartý SHA haldið og var mæting skiptinema þangað ágæt. Í janúar 2023 kom svo annar hópur af skiptinimum. Fyrsti hittingur var haldinn á Ölstofunni og heppnaðist sá viðburður mjög vel, fólk skemmti sér konunglega og var rosalega ánægt. Í febrúar var svo annar viðburður í samstarfi með Rúnari og Hildi, en þá var komið að þorrablóti skiptinimana. Þar var mæting frábær og gaman var að sjá hvað fólk hafði gaman af þessu. SHA bauðst til þess að útvega drykki á þorrablótinu.

Næst kom að vísindaferð í Kalda brugghús. Mæting þangað var mjög góð og fólk var gríðarlega ánægt með þessa ferð. Miðstöð Alþjóðasamskipta bauðst til þess að borga rútukostnaðinn og borguðu skiptinemarnir úr eigin vasa fyrir aðgangseyri í vísindaferðina.

Áætlunin er svo að í lok misseris að halda kveðjupartý fyrir nemana.

Fráfarandi nefnd er sátt með starfsárið og vinasamböndin sem mynduðust á milli nefndar og skiptinema. Allir viðburðir enduðu á því að heppnast vel og voru skiptinemar ánægðir með þá.

*Akureyri, 15. mars 2023*

*Kristján Bjarki Gautason*

*Formaður Alþjóðanefndar 2022-2023*

## Kynninganefnd

### *Kynninganefnd 2022-2023*

Kynninganefnd SHA tekur þátt í að kynna háskólann og þær námsleiðir sem háskólinn býður upp á. Kynninganefndin er í nánú samstarfi með Markaðs- og kynningarsviði háskólans. Í nefndinni sitja nú aðilar: formaður, sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi SHA. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur.



*Logi Páll, Hulda Dröfn, Lilja Margrét, Lovísa og Kristófer Dan*

### *Kynninganefnd 2021-2022*

**Alda Rut Sigurðardóttir**, formaður, sagði af sér sumarið 2022, við tók:

**Lilja Margrét Óskarsdóttir**

**Kristófer Dan Stefánsson**, fulltrúi Stafnbúa

**Arndís Ósk Arnarsdóttir**, fulltrúi Magister

**Lovísa Brynjarsdóttir**, fulltrúi Eirar

**Lopi Páll Sævarsson**, fulltrúi Data

**Kristján Bjarki Gautason**, fulltrúi Reka

**Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir og Valdís Kapitola Þorvarðardóttir**, fulltrúi

Kumpána

**Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir**, fulltrúi Þemis

### Pistill frá formanni kynninganefndar

Á Aðalfundi stúdentaráðs þann 24. febrúar 2022 var Alda Rut Sigurðardóttir, nemi við sálfræðideild háskólans, kjörinn formaður kynningarnefndar. Fljótlega eftir aðalfund varð nefndin fullmönnuð fulltrúum úr hverju aðildarfélagi líkt og samþykktir SHA gerir ráð fyrir.

Nefndarmeðlimir voru átta einn frá hverju aðildarfélagi nema fyrir kumpána voru tveir aðilar en það var ákveðið þar sem erfitt hefur verið að ná til lögreglu og lögæslunema til að taka þátt í kynningarstarfi fyrir skólann. Nefndarmeðlimir voru Arndís Ósk Arnarsdóttir fyrir magister, Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir fyrir Þemis, Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir fyrir kumpána, Kristján Bjarki Gautason fyrir Reka, Kristófer Dan Stefánsson fyrir Stafnbúa, Logi Páll Sævarsson fyrir Data, Lovísa Brynjarsdóttir fyrir Eir og Valdís Kapitola Þorvarðardóttir einnig fyrir Kumpána.

Fyrstu hlutverk nefndarinnar var að sjá um og skipuleggja, í samstarfi við kynningarsvið háskólans, Háskóladaginn sem haldinn var að þessu sinni á Akureyri þann 19. mars 2022. Tókst sá dagur með þrýði og vill fyrrum nefndarformaður þakka öllum sem komu að við að hjálpa til með daginn.

Þá voru skipulagðar yfirtökur á Instagram reikning Háskólans á Akureyri í maí 2022 þar sem fengnir voru fulltrúar allra deilda til að taka yfir Instastory hjá reikning háskólans og kynntu sitt nám og sína reynslu af Háskólanum á Akureyri. Þessi “story” má finna undir highlights á Instagram reikningi háskólans.

Um sumarið kom svo á daginn að kjörinn formaður nefndarinnar sagði af sér störfum sem formaður vegna flutninga. Hún hélt þó áfram sem partur af nefndinni og lagði sitt af mörkum til kynningarstarfs háskólans þrátt fyrir að vera flutt sunnan heiða, því Háskólinn á Akureyri er með sveigjanlegt nám þar sem allir alls staðar á landinu geta verið partur af skólasamfélaginu á einn eða annan hátt. Um haustið var svo auglýst eftir nýjum nefndarforseta.

Lilja Margrét Óskarsdóttir iðjuþjálfunarfræði nemi tók við nefndinni á haustdögum 2022. Fyrstu verkefni ásamt nýjum formanni voru að skipuleggja opna daga sem venja er fyrir á Háskólinn haldi á hverju hausti og bjóði framhaldsskólanemum á norðurlandi að sækja skólann heim og kynna sér námsframboðið við HA. Opnu dagarnir tókust vel og voru haldnir fimmtudaginn 27 október og föstudaginn 28 október.

Verkefni á nýju ári voru nokkur og gengu vel. Þann 4 mars var haldin stóri Háskóladagurinn í Reykjavík hugmynd dagsins er að kynna allt háskólanám á Íslandi fyrir fólk. Það var stórt verkefni að halda utan um og manna viðburðinn kynningarnefnd stóð sig vel í að manna og tókst dagurinn vel til. Nokkrir stúdentar frá HA fóru frá Akureyri en flestir stúdentar sem stóðu vaktina þann dag voru stúdentar sem búa á stórhöfuðborgarsvæðinu. HA var með aðstöðu í Grósku og var viðburðurinn vel sóttur af fólk til að kynna sér námsframboð á Íslandi. Þann 9 mars var svo haldin stóri háskóladagurinn á Akureyri þar sem að hægt var að kynna sér allt háskólanám á Íslandi. Dagurinn tókst mjög vel til og það gekk vel að fá stúdenta til þess að taka þátt.

Það er erfitt að telja til allt sem að meðlimir kynningarnefndar hafa gert yfir síðasta starfsár því hefur í raun einungis verið tæpt á þeim viðburðum sem nefndin hefur komið að. Það er þó ýmislegt sem verður ekki hægt að telja upp hér sem að nefndarmeðlimir hafa komið að með einum eða öðrum hætti. Fráfarandi formaður vill þakka öllum þeim sem hafa komið



Árskýrsla 2022

að kynningarstarfi Háskólans á Akureyri síðasta starfsárið það eru stúdentar, starfsfólk og fleiri sem hafa með einum eða öðrum hætti tekið þátt í starfinu á óeigingjarnan hátt. Einnig er hér með þakkað fyrir mjög svo gott samstarf milli kynningarnefndar og kynningarsviðs skólans síðasta starfsár.

*Akureyri, 28. fmars 2022*

*Lilja Margrét Óskarsdóttir*

*Formaður kynninganefndar 2022-2023*



## Viðburðarnefnd

Viðburðarnefnd Háskólans á Akureyri hefur það hlutverk að halda utan um viðburði Stúdentafélags Háskólans og um framkvæmd þeirra. Nefndin vinnur náið með framkvæmdastjórn SHA og eru teknar stórar ákvarðanir í samráði við þau. Að venju þá sitja 8 nemendur í Viðburðarnefnd, formaður nefndarinnar sem kosinn er til eins árs á aðalfundi Stúdentafélags Háskólans á Akureyri, ásamt fulltrúa úr hverju aðildarfélagi. Nefndin starfar eftir verklagsreglum sem stúdentaráð SHA setur. Í ár voru fulltrúar frá öllum félögum nema Stafnbúa en störf Viðburðarnefndar gengu samt sem áður vel.

Á fyrri árum hefur vaninn verið sá að Viðburðarnefndin haldi 3 stóra meginviðburði: Sprellmótið sem haldið er í september, Stóru-Vísó í janúar/febrúar og Árshátíð HA í mars. Auk þessara stóru viðburða voru haldnir nokkrir smærri viðburðir með SHA.

### *Viðburðarnefnd 2022-2023*

**Berglind Vala Valdimarsdóttir**, formaður

**Silfá Björk Jónsdóttir**, fulltrúi Data

**Viktoría Ósk Eydal**, fulltrúi Magister

**Cristina Silvia Cretu**, fulltrúi Þemis

**Arnheiður Björk Harðardóttir**, fulltrúi Eir

**Freyja Feldskov Jannerup**, fulltrúi Kumpána

**Sigríður Alma Ásmundsdóttir**, fulltrúi Reka

### **Pistill frá formanni Viðburðarnefndar**

Þetta starfsár hefur heldur betur verið fjölbreytt þar sem engar hömlur vegna Covid-19 voru í ár. Okkur tókst að halda alla okkar stóru viðburði auk þess að hafa nokkra minni líka.

Takmarkanir vegna Covid-19 voru allar afléttar og við vonum að þetta heyri bara sögunni til. Fyrsta verk nýrrar nefndar var að halda Árshátíð 2022, og vegna veirunnar þá var þetta fyrsta árshátíðin sem var haldin í tvö ár. Þemað var Hollywood og við fengum Bandmenn til að spila á ballinu og tóku þeir einnig að sér að kynna á árshátíðinni sjálfri. Árshátíðin gekk vel og djammþyrstir háskólanemar vel sáttir með árshátíðina.

Ákveðið var að halda próflokapartý SHA um miðjan maí á Vamos.

Framkvæmdastjórn keypti kút og var ákveðið að hafa þetta neon partý þar sem mikið var til af neon hálsmenum þar sem ætlunin var að halda neonpartý á þar síðasta skólaári en það þurfti að slaufa því vegna covid. Búið var við að það yrði ekki brjáluð mæting þar sem margir háskólanemar fara heim til fjölskyldna sinna eftir að hafa lokið prófum en það var góð mæting þrátt fyrir það.

Útilega SHA fór fram helgina 1.-3. júlí í Árgarði á Steinsstöðum. Ákveðið var að halda gjafaleik til að auka aðsókn í útileguna og sá framkvæmdarstjórn SHA að redda vinningum í það. Um 25 manns mættu í útilegu og heyrðist að það hafði verið áhugi hjá fleiri stúdentum að mæta en þeir hafi verið uppteknir við t.d. Pollamót á Akureyri. Þrátt fyrir það þá var mikið fjör og mikið gaman. Það var haldið Kubbmót, Flonký-mót, fjöldasöng með Ágústi Þór trúbador og farið í sund. Framkvæmdastjórn sá um að grilla ofan í mannskapinn og boðið var upp á pylsur og hamborgara. Veðrið lék við okkur á föstudeginum en á laugardagskvöldið var mikil þoka komin og hélt fólkið upp í félagsheimilið Árgarð og haldið fjörinu þar áfram. Það voru þreyttir og þunnir stúdentar sem gengu frá tjöldunum sínum í grenjandi rigningu og roki um hádegi á sunnudeginum.

Næst voru það nýnemadagur sem var haldinn 24. ágúst. Okkur fannst afar mikilvægt að nýir stúdentar við Háskólann á Akureyri myndu fá að kynna hversu gott félagslífið væri hér á Akureyri og því haldinn nýnemaratleikur um Háskólann og miðbæ Akureyrar á föstudeginum í lok nýnemavikunnar. Hvert lið átti að reyna safna sem flestum stigum og stigahæsta liðið fékk vinning sem viðburðarnefnd hafði safnað saman. Að loknum leik gátu

keppendur komið aftur upp í skóla þar sem boðið var upp á grillaðar pylsur. Um kvöldið var svo haldið nýnemaball í Sjallanum þar sem nýnemar og gamlir stúdentar gátu mætt og haft gaman saman. SHA bauð upp á fría drykki og DJ fenginn til að halda upp stuðinu.

Sprellmót 2022 var haldið 17. september síðastliðinn og vorum við afar heppin með veður. Aðildarfélögin komu á torgið í miðbænum og var farið í reipitog, pýramídakeppni og hávaðakeppni. Síðan tóku öll félögin rútu upp í skóla þar sem keppninni var haldið áfram. Viðburðarnefnd skiptist á að hjálpa til við þrautirnar og gengu þær smurt fyrir sig. Stúdentar voru svangir og pantað voru of fáar pizzur en Greifinn var fljótur að græja fleiri pizzur fyrir okkur. Dómarar sprellmótsins dæmdu Magister Sprellmótsmeistara 2022 og eftir það var haldið smá dansiball áður en rútur komu til að ferja fólk niður í bæ. Daginn eftir kom viðburðarnefnd upp í skóla og kláruðu að ganga frá dóti sem varð eftir vegna sprellmóts.

Halloween ball SHA var haldið 28. október á Vamos. Viðburðarnefnd notaði að mestu skraut sem var til árið áður en keypti nokkra hluti til viðbótar. Nefndin skreytti staðinn daginn áður og ákveðið var hafa búningakeppni fyrir besta einstaklingsbúninginn og parabúninginn. Við nýttum vinninga sem urðu afgangs í nýnemavíkunni til að gefa búningaverðlaunin. Berglind Vala og Hermann sáu um að spila tónlistina og var góð mæting hjá stúdentum. SHA keypti kút sem stúdentar gátu notið.

Í sameiningu við SHA var ákveðið að halda jólafjölskyldubíó. Kom í ljós að starfsmannafélag Háskólans á Akureyri ætlaði líka að halda fjölskyldubíó á svipuðum tíma þannig það var ákveðið að sameina bíóin. Það var sýnt Polar Express með íslensku tali og boðið var upp á svala og popp fyrir bíógesti.

Próflokaball á haustmisseri var haldið 16. desember á Vamos. SHA keypti kút fyrir stúdentana og voru það Berglind Vala og Hermann sem þeyttu skífum. Það var góð mæting þrátt fyrir að margir stúdentar voru farnir heim til fjölskyldna sinna í jólafrí.

Stóra Vísó var haldið dagana 26.-29. janúar. Árið áður var búið að taka frá herbergi á Hótel Cabin og svo í lok nóvember var hafið samband við SBA til ferja okkur suður og milli staða í Reykjavík. Um miðjan desember fengum við dagskrár frá öllum aðildarfélögum og SHA og þá hófst Berglind formaður að setja saman rútuþplan fyrir SBA. Skráning í Stóra Vísó stóð yfir í viku og var skráning um 160 manns. Okkur fannst skráningin frábær þar sem Stóra Vísó hafði ekki verið haldin í tvö ár vegna Covid. Um 40 manns nýttu sér rúturna suður og aftur norður. Helgin gekk vel og öll fyrirtæki tóku vel á móti stúdentunum.

Síðasta verk viðburðarnefndar var Árshátíð SHA 2023. Skipulagning hófst í lok september og í byrjun október var búið að redda kynnum, hljómsveit, hljóði, mögulega leyniatriði og mat frá Bautanum. Í febrúar var svo heyrt í dyravörðum, ljósmyndurum, rútu og reddað skrauti. Þemað var Casino Royal og því keypt skraut í þeim stíl. Árshátíðin fór fram 11. mars í Hátíðarsal skólans. Benni og Fannar úr Hraðfréttum voru veislustjórar og Færibandið sá um að halda upp stuðinu á ballinu. Í samstarfi við Halldór á Vamos fengum við Herra Hnetusmjör til að vera leynigest sem kveikti heldur betur upp í stuðinu. Eina sem betur mátti fara var maturinn hjá Bautanum. Það var aðeins ein matarröð sem varð til þess að röðin gekk hægt og þurftum við að byrja skemmtiatriðin áður en allir gestir voru sestir til matar síns. Sent var kvörtun til Bautans og fengum við fordrykkina niðurgreidda. En þetta hafði ekki mikil áhrif á stúdentana og skemmtu sér margir vel þetta kvöld.

*Akureyri, 23. mars 2023  
Berglind Vala Valdimarsdóttir  
Formaður Viðburðarnefndar 2022-2023*

## Skýrslur stúdenta í nefndum og ráðum Háskólans á Akureyri



Í Háskólanum á Akureyri eru starfandi hinar ýmsu nefndir og ráð. Stúdentar eiga sæti í þeim flestum og leggur háskólinn upp úr virkri þátttöku stúdenta. Stúdentum gefst tækifæri á að eiga raunverulega rödd innan veggja háskólans þegar kemur að ákvarðanatöku varðandi hin ýmsu mál. Það er því mikilvægt að stúdentar séu virkir í nefndum og ráðum háskólans en það er ekki sjálfsagt að rödd stúdenta sé metin með þeim hætti. Á starfsárinu hefur framkvæmdastjórn SHA lagt upp úr virkri þátttöku fulltrúa sinna í nefndum og ráðum skólans. Mæting, þátttaka og virkni þeirra á fundi skiptir gríðarlega miklu máli fyrir stúdenta háskólans og eiga fulltrúar nemenda að hafa hagsmuni heildarinnar að leiðarljósi í sínum störfum. Mikilvægt er að haldinn sé vinnufundur í upphafi starfsárs í samráði við Gæðastjóra HA, þar sem fulltrúar fá kynningu frá nefndum og ráðum háskólans og geti þannig sett sig inn í þau verkefni og störf sem fram undan eru.

## Háskólaráð

### Háskólaráð

Fulltrúar stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri starfsárið 2021-2022 eru Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir, aðalfulltrúi og Sólveig Birna Elísabetardóttir, varafulltrúi. Háskólaráði ásamt rektor er falin stjórn háskólans. Háskólaráð markar að frumkvæði rektors heildarstefnu í málefnum háskólans, mótar skipulag og fer með almennt eftirlit með starfseminni í heild, einstakra fræðasviða og háskólastofnana og ber ábyrgð á því að háskólinn starfi í samræmi við lög og stjórnvaldsfyrirmæli.

#### *Háskólaráð 2022-2023*

**Eyjólfur Guðmundsson**, rektor, formaður.

**Kristrún Lind Birgisdóttir**, framkvæmdastjóri, fulltrúi ráðherra

**Guðmundur Ævar Oddsson**, dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

**Sigríður Margrét Sigurðardóttir**, lektor, fulltrúi háskólasamfélagsins.

**Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir**, stúdent, fulltrúi stúdenta.

**Katrín Björg Ríkharðsdóttir**, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu, fulltrúi háskólaráðs.

**Dagmar Ýr Stefánsdóttir**, yfirmaður samskipta og samfélagsmála hjá Alcoa, fulltrúi háskólaráðs.

#### *Til vara*

**Karl Frímansson**, skólameistari Menntaskólans á Akureyri, fulltrúi ráðherra

**Guðmundur Kristján Óskarsson**, dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

**Hjördís Sigursteinsdóttir**, dósent, fulltrúi háskólasamfélagsins.

**Sólveig Birna Elísabetardóttir**, stúdent, fulltrúi stúdenta.

**Bjarni Jónasson** fyrrum forstjóri SAK, fulltrúi háskólaráðs.

#### *Pistill frá fulltrúa stúdenta í háskólaráði*

Háskólaráð starfar eftir lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 og fer með úrskurðarvald í málefnum háskólans, setur skólanum reglur og hefur eftirlit með þeim reglum. Einn fulltrúi háskólaráðs er tilnefndur af heildarsamtökum nemenda við háskólann og eiga nemendur því eitt sæti í háskólaráði samkvæmt lögum um opinbera háskóla, en það reiknast út frá fjölda nemenda hvers háskóla. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði skal því vera rödd nemenda innan ráðsins og hafa hagsmuni þeirra fyrir brjósti. Því er mikilvægt að fulltrúi stúdenta sinni hlutverki sínu af samviskusemi og alúð til þess að rödd nemenda fái að heyrast innan ráðsins, sér í lagi þegar kemur að málum sem snúa beint að hagsmunum nemenda.

Fulltrúi stúdenta í háskólaráði á einnig sæti í stúdentaráði ásamt framkvæmdastjórn SHA og formönnum aðildarféлага og nefnda. Þetta er mikilvægur þáttur í því að tryggja bæði tengsl og upplýsingaflæði frá fulltrúa í háskólaráði til stúdentaráðs en ekki síður til þess að tryggja að upplýsingar og umræður sem verða í stúdentaráði geti skilað sér örugglega til háskólaráðs eftir því sem við á. Því er mikilvægt að fulltrúi stúdenta í háskólaráði sé virkur bæði innan háskóla- og stúdentaráðs og geti gengt hlutverki tengiliðs á milli þessara tveggja mikilvægu ráða.

Háskólaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði og er dagskrá fundanna jafn fjölbreytt og þeir eru margir. Undirrituð hefur mætt á alla þá háskólaráðsfundi sem haldnir hafa verið, ýmist með því að mæta á staðinn eða í fjarfundarbúnaði. Fundir eru alla jafna haldnir á staðnum en það er

ávallt möguleiki að taka þátt í fundunum í gegnum fjarfundarbúnað. Í undantekningartilvikum hafa háskólaráðsfundir verið færðir alfarið í fjarfund en hefur það gengið nokkuð vel fyrir sig. Fjöldi mikilvægra mála hefur ratað inn á borð háskólaráðs á því starfsári sem er að líða. Þar má helst nefna fjármál og rekstur háskólans ásamt fyrirhuguðum breytingum á skrásetningargjöldum opinberra háskóla, að ógleymdri stefnumótuninni. Fjármál og rekstur háskólans er svo til fastur liður á háskólaráðsfundum þar sem farið er yfir stöðuna á hverjum tíma en í kjölfarið skapast gjarnan umræður um framtíð háskólans miðað við fjármálaáætlun stjórnvalda. Nokkrar áhyggjur hafa verið af stöðunni árin 2024 og 2025 miðað við núverandi forsendur og því lögð áhersla á samtal við ráðuneytið vegna þessa.

Eitt stærsta verkefni háskólaráðs þetta árið hefur án efa verið vinna við stefnumótun háskólans fyrir árin 2024-2029. Við vinnuna hefur verið lögð áhersla á skýra framtíðarsýn er varðar háskólann og hvert á að stefna til lengri tíma. Á árinu hafa því verið haldnir ýmsir stefnumótunarviðburðir með bæði nemendum og starfsmönnum skólans. Elín Díaná, aðstoðarrektor stýrir vinnu við stefnumótun í samstarfi við utanaðkomandi stefnumótunarráðgjafa. Því verður afar áhugavert og spennandi fyrir næsta fulltrúa stúdenta í háskólaráði að taka þátt í þeirri vinnu þar sem hún mun á endanum ráða því hvaða mynd Háskólinn á Akureyri tekur á sig í framtíðinni.

Á starfsárinu hefur ekki skort tækifæri til þess að fagna. Í apríl árið 2022 var tilkynnt að viðræður væru við Háskólann í Reykjavík um nám í tæknifræði á Akureyri með svipuðu fyrirkomulagi og tölvunarfræði. Frá og með hausti 2023 verður því unnt að stunda nám í iðnaðar- og orkutæknifræði á Akureyri en þessi ákvörðun tekur mið af þörfum atvinnulífs á Norðurlandi. Þetta auka námsframboð á Norðurlandi er mikið fagnaðarefni og verður án efa skemmtilegt og ánægjulegt fyrir nýjan fulltrúa stúdenta að fylgja nýja náminu eftir innan háskólaráðs. Þann 11. október 2022 var svo annað stórt og ekki síður mikilvægt skref í starfsemi háskólans stigið en þann dag fór fram fyrsta doktorsvörnin við Háskólann á Akureyri. Það verður að teljast mikill áfangi fyrir skólann og því einstaklega skemmtilegt þegar það hafðist.

Nýtt ár hafðist kannski ekki alveg eins og við höfðum óskað okkur en í janúar síðastliðnum var gerð innrás í tölvukerfi háskólans eins og flestum ætti að vera kunnugt. Háskólaráð lagði strax í upphafi mikla áherslu á að málið yrði rannsakað til hlítar en þeirri vinnu er ekki lokið. Á fundi háskólaráðs í febrúar var þó lagt fram til upplýsinga minnisblað vegna öryggisbrestsins. Þetta er að sjálfsögðu leiðinda mál en fall er fararheill og háskólaráð og háskólinn allur er staðráðinn í að læra af málinu til þess að hægt sé að koma í veg fyrir að eitthvað þessu líkt endurtaki sig.

Undirrituð fer því sát og stolt frá borði eftir lærdómsríka, krefjandi en ekki síður skemmtilega setu í háskólaráði síðastliðið starfsár. Með setunni fær fulltrúi stúdenta góða innsýn inn í starfsemi háskólans sem opinberrar stofnunar auk þess sem honum gefst einstakt tækifæri á að koma áherslum stúdenta til skila þangað sem þær virkilega skipta máli. Fulltrúi stúdenta í háskólaráði getur þannig haft raunveruleg áhrif á hagsmunamál nemenda.

Fundargerðir háskólaráðs eru aðgengilegar öllum á ytri vef skólans og því er um að gera að kynna sér fundargerðirnar og fylgjast með störfum háskólaráðs.



Árskýrsla 2022  
Akureyri, 23. mars 2023  
*Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir*  
*fulltrúi stúdenta í háskólaráði Háskólans á Akureyri.*



## Gæðaráð

Við Háskólann á Akureyri starfar gæðaráð en þar eiga sæti gæða- og mannauðsstjóri sem er í forsæti, fulltrúar, tveir fulltrúar frá háskólaskrifstofu og tveir fulltrúar stúdenta. Gæðaráð fundar að jafnaði einu sinni í mánuði. Hlutverk gæðaráðs er að bera ábyrgð á framkvæmd gæðakerfis háskólans og tryggja að háskólinn standist þær ytri kröfur sem gerðar eru til gæða í starfi hans. Gæðaráð skal jafnframt vekja áhuga á gæðamálum innan háskólans og vera vettvangur umfjöllunar og ákvarðanatöku um gæðamál hans. Ráðið skal stuðla að umbótum og þróun á kennslu og námsmati, sem og að samþykkingu, hafa eftirlit með og tryggja reglulega endurskoðun á námsbrautum og prófgráðum. Gæðaráð skal vaka yfir gæðum rannsókna innan háskólans og starfa með vísindaráði hans að því að móta viðmið og kvarða sem notaðir eru til að meta vísindalega starfsemi við Háskólann á Akureyri. Gæðaráð á að safna saman, meta og bregðast við þeim upplýsingum um starfsemi háskólans sem lúta að gæðum. Ráðið skal taka afstöðu til mikilvægra breytinga á starfsemi háskólans sem kunna að hafa áhrif á gæði í starfsemi hans sem og að fjalla um undirbúning og framkvæmd sjálfsmats og ytra mats á háskólanum og tryggja eftirfylgni með gæðamálum. Á aðalfundi SHA er vant að skipa í stöðu fulltrúa stúdenta í gæðaráði til tveggja ára en á aðalfundi SHA 2022 var það Sigurjón Þórsson sem varð sjálfkjörinn í þá stöðu því enginn annar bauð sig fram í þessa stöðu. Þegar leið á vorið sagði hann af sér og var það hún Erla Salome Ólafsdóttir sem bauð sig fram í stöðuna í hans stað. Erla var því kosin sem fulltrúi stúdenta í gæðaráði til tveggja ára af stúdentaráði á 90. fundi stúdentaráðs þann 2. maí 2022. Erla sat því einnig í stúdentaráði sem fulltrúi nemenda í gæðaráði. Ásamt Erlu sat Dagmar Ólína áfram í gæðaráði sem einn af tveimur fulltrúum stúdenta.

### *Gæðaráð veturinn 2022-2023*

**Vaka Óttarsdóttir**, gæða- og mannauðsstjóri, formaður gæðaráðs

**Lísbet Hannesdóttir**, verkefnastjóri gæða- og mannauðsmála, ritari gæðaráðs

**Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir**, fulltrúi stúdenta

**Erla Salome Ólafsdóttir**, fulltrúi stúdenta

**Eyrún Eypórsdóttir**, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

**Finnur Friðriksson**, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

**Kristín Linda H. Hjartardóttir**, fulltrúi heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs

**Kristinn P. Magnússon**, fulltrúi heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviðs

**Auðbjörg Björnsdóttir**, fulltrúi háskólaskrifstofu

**Stefán Jóhannsson**, fulltrúi háskólaskrifstofu

### Pistill frá fulltrúa stúdenta í gæðaráði

Þetta skólaár hefur verið ansi annríkt hjá fulltrúum stúdenta í gæðaráði Háskólans á Akureyri. Fulltrúar stúdenta í gæðaráði unnu að því, ásamt gæðaráði að uppfæra gæðastefnu skólans sem og hina ýmsu verkferla. Uppfærslur á þessum ferlum voru gerðar með umbætur að leiðarljósi. Einnig voru fulltrúar með í ákvörðunartökum varðandi nýjar námslínur og ný námsframboð við skólann sem leiddi til umræðu um það hvað þarf til að vera deild.

Lotur voru einnig mikið umræðuefni þetta skólaárið þar sem að mikið misræmi er á milli deilda hvað varðar mætingarskyldu og fyrirkomulag í lotum. Stúdentar voru misglaðir með loturnar, sérstaklega varðandi vankunnáttu kennara í tæknimálum. Þessi umræða leiddi til þess að kennslumiðstöð útbjó vefsíðu þar sem búið er að taka saman leiðbeiningar um hin ýmsu tæknimál. Það er erfitt að taka eina ákvörðun um þessi mál og skiptar skoðanir eru á milli bæði deilda og einstaklinga. Spennandi verður að sjá hvert þessi umræða fer í ljósi nýhafinnar stefnumótunar Háskólans.

Á seinasta skólaári var tekin stofnanaúttekt á Háskólanum. Eftir ábendingar frá úttektaraðilum um hvað mætti gera betur í HA bjó gæðaráð HA til aðgerðaráætlun. Fulltrúar stúdenta í gæðaráði fengu mikið um það að ráða hvaða aðgerðir ættu að vera í forgangi og hverjar ekki. Það er gríðarlega ánægjulegt.

Áframhaldandi úttekt var á námi í lögreglufræði við Háskólann á Akureyri þetta skólaárið og þegar leið að lokum þeirrar úttektar komu til Akureyrar erlendir úttektaraðilar á vegum gæðaráðs Háskólanna. Erla Salome og Kolbrún Birna Þrastardóttir, varaformaður Kumpána sátu fund með þessum úttektaraðilum í nóvember það sem að þeir vildu eiga samtál við nemendur varðandi námsumhverfi stúdenta, þeirra aðild að málum og svo hvernig það er að vera nemi í lögreglufræði.

Samtalsmiðaða námskeiðsmatið hefur verið mikið inni á borði fulltrúa í gæðaráði síðustu ár. Ákveðið var, í samráði við alla sem koma að samtalsmiðaða námskeiðsmatinu, um að taka árs pásu frá því til þess að þróa allt ferlið á bakvið það betur. Fulltrúar stúdenta í gæðaráði sátu því í vinnuhópi sem hafði það hlutverk að vinna að umbótum hvað varðar samtalsmiðaða námskeiðsmatið. Þessi ákvörðun var tekin vegna þess að þáverandi ferli var ekki að skila nægilega góðum árangri. Vinnuhópurinn komst að þeirri niðurstöðu að allt of margir

einstaklingar komu að þessu verkefni áður og mun því í framhaldinu aðeins 4 aðilar sjá um verkefnið, 1 stúdent og 1 starfsmaður gæða- og mannauðsskrifstofu sem aðal og 1 stúdent og 1 starfsmaður til vara. Einungis verður unnið með eitt svið hvert misseri í einu. Vonast er eftir að þetta skili betri árangri og að eftirfylgni og gæði matsins aukist.

Í janúar var haldin fundur með gæðaráði þar sem rætt var mikið um hugbúnaðinn Chat GPT. Ljóst er að þetta verður gríðarleg áskorun fyrir menntakerfið í heild sinni um allan heim að kljást við þennan hugbúnað. Nú þegar er komin af stað vinnuhópur þvert á alla háskóla landsins sem hefur það að markmiði að leita lausna við þeim áskorunum sem munu fylgja þessum hugbúnaði og hafa áhrif á háskólasamfélagið í heild sinni.

Samkvæmt reglum gæðaráðs á ráðið að funda mánaðarlega og stóðst það fyrir utan ágústmánuð, septembermánuð og febrúarmánuð. Fundirnir voru í öll skiptin haldnir rafrænir í gegnum teams.

Þetta skólaár er búið að vera mjög lærdómsríkt og skemmtilegt. Okkar tilfinning er sú að það sé tekið mikið mark á okkar skoðunum inni á fundum. Einnig er oft passað upp á að við fáum tækifæri til að koma okkar skoðunum, eða viðhorfi stúdenta á framfæri.

*Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir og*

*Erla Salome Ólafsdóttir*

*Fulltrúar stúdenta í gæðaráði skólaárið 2022-2023*



## Jafnréttisráð

Jafnréttisráð Háskólans á Akureyri hefur frumkvæði og eftirlit með áætlun háskólans um jafna stöðu kynjanna sé framfylgt, í samráði við framkvæmdastjórn. Starfsmaður jafnréttisráðs er Sæunn Gísladóttir, sérfræðingur hjá RHA.

### *Aðalfulltrúar 2022-2023*

**Berglind Hólm Ragnarsdóttir**, lektor við hug- og félagsvísindasviði, formaður

**Fjóra Björk Karlsdóttir**, aðjúnt, tilnefnd af Heilbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði

**Gunnlaugur Starri Gylfason**, verkefnastjóri myndvers, tilnefndur af Háskólaskrifstofu

**Hulda Sædís Bryngeirsdóttir**, aðjúnt, tilnefnd af Heiðbrigðis-, viðskipta- og raunvísindasviði

**Peter Shepherdson**, dósent, tilnefndur af hug- og félagsvísindasviði

**Valgerður Guðmundsdóttir**, lektor, tilnefnd af hug- og félagsvísindasviði

**Silja Rún Friðriksdóttir**, stúdent, fulltrúi stúdenta

**Sólveig Birna H. Elísabetardóttir** stúdent, fulltrúi stúdenta

### *Pistill frá fulltrúum stúdenta í Jafnréttisráði*

Í ár voru tveir öflugir fulltrúar stúdenta í jafnréttisráði sem skiptir öllu máli. Á fyrsta jafnréttisfundinum bentu þær Sólveig og Silja á að bæta þyrftu birtingamyndir í kynningarstarfi þar sem undan farin ár hefur að okkar mati ekki verið fjölbreyttir einstaklingar fengnir í að taka þátt í kynningarmyndböndum fyrir samfélagsmiðla. Starfsárið fór að mestu í að skipuleggja Jafnréttisdaga sem haldnir voru 6. - 9. febrúar 2023 og tóku þær Silja og Sólveig virkan þátt í að skipuleggja dagana. Líkt og undanfarin ár var SHA með erindi á jafnréttisdögum og var það María Rut frá Un Women sem hélt erindi og var það Silja Rún sem sá um öll samskipti ásamt allri vinnunni sem tengdist erindinu okkar.

*Akureyri, 28. mars 2023*

*Silja Rún Sigurðardóttir*

*Sólveig Birna Elísabetardóttir*

*Fulltrúar stúdenta í Jafnréttisráði*



## Umhverfisráð

### *Team 2021-2022:*

**Yvonne Höller**, Professor, Chairman of Environment Council

**Giorgio Baruchello**, Professor, member

**Sean Michael Scully**, Adjunct Professor, member

**Gunnar Rúnar Gunnarsson**, Director of Real Estate, member

**Jóna Sigurlaug Friðriksdóttir**, Assistant of the Director of Real Estate, assistant member

**Natalia Ramírez**, PhD student, member

**Margrét Sól Jónasdóttir**, BA Student, member

**Fríða Freydís Þrastardóttir**, BA Student, member

**Renata Colwell**, MA Student, guest member

**Victoria Patenaude**, MA Student, guest member

**Jordane Liebeaux**, MA Student, guest member

**Julie Madsen**, MA student, guest member

### *Activities of the Environmental Council 2021-2022:*

This academic year has been busy and productive in the Environmental Council. To inform everyone better and especially, to brief the freshman and new staff members, we prepared a video about actions and activities: [News from the environmental council @UNAK 2021](#)

One of our targets is the improvement of sustainable transport options available for university students and staff. The environmental council lobbied for making available the electric car for private use for staff members. Also, bikes were made available for everyone, for private use or work/studies-related errands for free. Furthermore, during the bike-fixing day everyone could bring a bike for repair to the University at no cost. Several events related to transportation have also taken place like electric transportation day and car-free day. In addition, we encouraged students and staff to apply to the transportation agreement. The agreement for students is new and all students who signed up will be awarded for their great environmentally friendly transport habits with vouchers.

Environmental awareness has been promoted at the 1st Sustainability workshop at UNAK last April and will be repeated with new topics and experts from all over the globe this year (8th of April) – save the date!





With the green teaching award, we honored for the first time teachers who in create environmental awareness in their teaching: Brynhildur Bjarnadóttir, Associate Professor and Rachael Lorna Johnstone, Professor were the winners of 2021. This year we hand out the green teaching award for the second time, but also, we launch the green thesis award for students from all faculties. You can apply here: <https://forms.office.com/r/t3CUacLyWy>

Initiatives such as trash-collection (plokkgdagur) were supported by a great number of students and staff members who also participated in the funniest trash found award, plastic-free September, and challenges about the best idea to avoid rubbish. In addition, the University now has a plant exchange station on the 1st floor in front of the O-corridor downstairs where you could find amazing aloe vera, citrus smelly verbena and much more. We are excited to find more plants after the winter break.

Two amazing new projects have been started by students at the Environmental Council within the green flag project. First, with a survey about waste water treatment in Akureyri we aim to increase the awareness of the citizens about the problem with discharging untreated waste water into the fjord. You can be also part of this survey by participating at: <https://forms.office.com/r/uxyMWbDnXe>

Second, we launched a project on plastic pollution and plastic waste. Stay tuned!

We would like to thank everybody who contributed and participated in our events, surveys, challenges, workshops and more. At the same time, we are happy to hear your suggestions and ideas for improving our environmental actions so do not hesitate to contact us through unak website or simply through our Facebook or Instagram page called Umhverfisradha. Join the green site!

“If you really think that the environment is less important than the economy, try holding your breath while you count your money.”— Dr. Guy McPherson

*Akureyri, 16. Febrúar 2022*

*Natalia Ramirez Carrera*

## Vísindaráð

### *Aðalfulltrúar í Vísindaráði starfsárið 2022-2023*

**Árún Sigurðardóttir**, fulltrúi heilbrigðisvísindasviðs

**Hilmar Bragi Janusson**, tilnefndur af rektor

**Hjördís Sigursteinsdóttir**, fulltrúi viðskipta- og raunvísindasviðs

**Peter Shepherdson**, fulltrúi hug- og félagsvísindasviðs

**Sigríður Halldórsdóttir**, formaður, tilnefnd af rektor

**Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir**, fulltrúi stúdenta

**Karen Birna Þorvaldsdóttir**, fulltrúi stúdenta

### *Pistill frá fulltrúa stúdenta í Vísindaráði*

Hlutverk fulltrúa SHA í ráðinu í vetur hefur fyrst og fremst verið þess eðlis að vera áheyrnarfulltrúar nemenda. Í lok skólaársins 2020-21 var haldið áfram með umræðu um endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna, auk þess sem skoðaðar voru leiðir til að efla þjónustustig við skólann. Í vetur, 2021-22, hefur fókusinn einkum verið á að undirbúa yfirferð yfir nýja stefnu Háskólans á Akureyri fyrir árin 2024-2029, umræður um rannsóknarstefnur og rannsóknaráætlanir fyrir hverja og eina deild og svið Háskólans, og fara yfir sérstöðu Háskólans á Akureyri. Stefna Vísindaráðs rennur út árið 2023 og er næsta verkefni ráðsins að vinna að nýrri stefnumótun. Sú vinna fer af stað haustið 2022.

Bókun frá fráfarandi varafulltrúa í Vísindaráði

Það er álit fráfarandi varafulltrúa SHA í Vísindaráði að æskilegt væri að fulltrúi SHA í Vísindaráði í framtíðinni væri framvegis doktorsnemi við skólann eða a.m.k. meistaranemi, vegna eðlis þeirrar umræðu sem á sér stað í Vísindaráði. Þessu áliti hefur verið komið fram við Vísindaráð, og ætlar formaður Vísindaráðs að koma þessu á framfæri við Mörthu Lilju.

*Akureyri 19. feb. 2022*

*Heiðdís Fríða Agnarsdóttir*

*Sigurjón Þórsson*

## Stjórn FÉSTA



Félagsstofnun stúdenta á Akureyri, FÉSTA, er sjálfseignarstofnun sem Háskólinn á Akureyri, skráðir stúdentar og Akureyrarbær eiga aðild að. Þessir aðilar skipa einnig fulltrúa í stjórn FÉSTA. FÉSTA á og rekur stúdentagarða og annast ýmsa aðra þjónustu við stúdentana. Stjórn FÉSTA er skipuð fimm fulltrúum; einum fulltrúa Akureyrarbæjar, tveimur fulltrúum Háskólans á Akureyri og tveimur fulltrúum stúdenta.

### *Stjórn FÉSTA starfsárið 2022 - 2023 skipa:*

**Halla Margrét Tryggvadóttir**, formaður stjórnar, skipuð af Akureyrarbæ

**Harpa Halldórsdóttir**, forstöðumaður fjármálasviðs, skipuð af háskólaráði

**Hólmar Svansson**, framkvæmdastjóri HA, skipaður af háskólaráði

**Sigurjón Þórsson**, stúdent, skipaður af SHA

**Nökkvi Alexander Rounak Jónsson** stúdent, skipaður af SHA

### *Pistill frá stúdentum í stjórn FÉSTA*

Fulltrúar stúdenta hafa verið í góðri samvinnu við starfsmenn FÉSTA og hefur upplýsingaflæði til stúdenta HA verið afar gott. Eignir FÉSTA hafa verið í sífelldri endurskoðun til þess að mæta eftirspurn stúdenta og sendi félagið frá sér tvær kannanir varðandi þörf á húsnæði FÉSTA. Einungis var einn virkur fulltrúi meirihluta tímabilsins en nauðsynlegt er að báðir fulltrúar séu virkir og taki fullan þátt í stjórn FÉSTA og séu tilbúnir að eiga gott samráð við félagið með hagsmuni stúdenta að leiðarljósi.

*Sigurjón Þórsson*

*Fulltrúi SHA í stjórn FÉSTA*

## Aðildarfélög SHA

Aðildarfélög SHA eru sviðs- og deildarfélög. Starfsemi þeirra og hlutverk hafa þróast gegnum árin og tekið miklum breytingum eins og starfsemi og hlutverk SHA. Formenn aðildarfélaganna eiga allir sæti í stúdentaráði. Aðildarfélögin starfa eftir verklagsreglum sem stúdentaráð setur. Aðildarfélög SHA eru átta talsins í dag:

- **Data**, félag tölvunarfræðinema, var stofnað 2016.
- **Eir**, félag heilbrigðisnema, var stofnað 1990. Nafn félagsins er fengið úr norrænni goðafræði.
- **Kumpáni**, félag hug- og félagsvísindanema, var stofnað 2004, eftir að nemendur félagsvísindadeildar höfðu verið eitt ár félagsmenn í Magister.
- **Magister**, félag kennaranema, var stofnað árið 1993 og varð því fjórða deildarfélagið sem stofnað var við HA.
- **Reki**, félag viðskiptafræðinema, hét áður félag rekstardeildarnema og dregur nafn sitt af því. Félagið var stofnað árið 1990. Á tímabili starfræktu meistaranemar í viðskiptafræði undirfélag Reka sem nefndist A-meistari. Starfsemi þess félags var mjög lítil og starfstími þess stuttur.
- **Stafnbúi**, félag nema í auðlindafræðum var stofnað árið 1990, um leið og kennsla hófst í sjávarútvegsfræði við HA.
- **Þemis**, félag lögfræðinema, var stofnað árið 2005 og var þá undirfélag Kumpána. Eftir að hafa verið eitt ár í Magister og undir Kumpána í fimm ár klufu laganemar sig algerlega frá Kumpána í mars 2009 og hefur Þemis starfað óháð öðrum aðildarfélögum síðan.

## Ársskýrsla Data

Stjórn Data 2022-2023:



**Formaður:** Sóldís Diljá Kristjánsdóttir

**Varaformaður:** Logi Páll Sævarsson

**Nýnemafulltrúi:** Pauline Lafontaine

**Gjaldkeri:** Þorsteinn Jón Thorlacius

**Ritari:** Hilmar Örn Jórunnarson

**Fulltrúar í fastanefndum SHA:**

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Silfá Björk Jónsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Logi Páll Sævarsson

Ný stjórn Data var kjörin á aðalfundi félagsins sem fór fram í gegnum Discord og í Háskólanum á Akureyri 14. mars 2023.

**Nýkjörin stjórn**

**Formaður:** Sóldís Diljá Kristjánsdóttir

**Varaformaður:** Logi Páll Sævarsson

**Nýnemafulltrúi:** Pauline Lafontaine

**Gjaldkeri:** Þorsteinn Jón Thorlacius

**Ritari:** Sturla Emil Sturluson

**Nýkjörnir fulltrúar í fastanefndum SHA:**

**Fulltrúi í viðburðanefnd:**

**Fulltrúi í kynninganefnd:**

## Starfsemi félagsins

Data er nýlegt félag sem samanstendur af tölvunarfræðinemum sem stunda nám við Háskólann í Reykjavík, en einnig eru einhverjir nemendur á 2. og 3. ári í námskeiðum á vegum Háskólans á Akureyri. Þrátt fyrir að fæstir félagsmenn stundi nám við Háskólann á Akureyri tekur allt félagið virkan þátt í félagslífinu innan HA. Megináhersla félagsins er að halda uppi öflugum félagslífi innan félagsins ásamt því að taka þátt í og skipuleggja viðburði með öðrum aðildarfélögum SHA. Starfsemin felst einnig í kynninga- og hagsmunamálum. Þó er aðallega tekið á hagsmunamálum í Háskólanum í Reykjavík en stjórn Data er félagsmönnum ávallt innan handar þegar kemur að slíkum málum.

## Félagsstarf

Samanlagt voru 11 viðburðir yfir árið sem Data hélt. Yfirleitt góð mæting en alltaf góður andi.

### 8. mars - Fyrsti stjórnarfundur nýrrar stjórnar

Ný stjórn hittist ásamt fráfarandi stjórn til að ganga frá stjórnarbreytingum. Meðal annars var rætt um hvað þurfti að gera t.d. var planið í vikunni að koma skjölum til Íslandsbanka til þess að geta fengið kort og heimabanka fyrir formann og gjaldkera. Einnig þurfti að leysa út greiðslur frá SHA sem óvart fóru í Arion Banka. Nýja stjórn DATA bjó svo til Discord server fyrir stjórnarmeðlimi sem mun vera í boði fyrir komandi stjórnir til að taka við af.

### 12. mars - Árshátíð

8 manns mætti á Árshátíð SHA frá DATA. Þetta var skemmtilegt kvöld.

### 23. apríl - Próflokahittingur á Ölstofunni

Keyptur var bjórkútur á Ölstofunni og fengum við Karaoke-salinn. Það var mikil stemning og gott fjör.

### 15. ágúst – Lunch-deit til að fagna nýju skólaári

Stjórnin ákvað að boða félagsmeðlima til hádegismatar, pantað var borð á Bryggjunni. 12 manns mætti og borðuðu saman. Þetta var notaleg stund og gaman að ræða hvað hefði farið fram yfir sumarið.

## 19. ágúst – Nýnemahittingur

Stjórnin ákvað að halda viðburð fyrir nýnema. Þá var farið á Ölstofuna þar sem boðið var upp á fría drykki fyrir félagsmenn. Þar fengu viðstaddir að kynna hvort öðrum betur og jafnvel var fólk á mismunandi árum námsins að sjást í fyrsta skiptið. Hinsvegar var ekkert sérlega góð mæting nýnemanna, aðeins 2 nýnemar sóttu viðburðinn. Eftir kvöldið ræddi stjórn saman og var sammála um það að reyna aftur seinna að hrista saman hóp nýnemanna.

## 26. ágúst – Nýnemahittingur VOL.II

Eins og rætt var á seinasta hitting leið ekki á löngu þangað til að við plönuðum annan hitting. Þessi hittingur fór fram í skristofuhúsnæði SHA þar sem þau voru svo góð að lána okkur húsið. Fríir drykkir voru í boði fyrir félagsmenn. Það var spilað spil og spjallað heilmikið saman. Betri var nú mætingin og fengu nýnemar þar gott tækifæri á að kynna betur. Kvöldið hélt svo áfram niðri í bæ.

## 8. september – Lærdómskvöld

Þetta skemmtilegt og skilvirkt kvöld. Nemendur á öllum þremur árgöngum mættu og var mikið um að fólk hjálpaðist að. Svo má ekki gleyma að það voru pantaðar pizzur frá Dominos og einnig voru allskonar drykkir í boði. Í lokin voru svo einhverjir farnir að ræða sprellmót og spennan farin að taka yfir.

## 14. september – Sprellmóts Peppkvöld

Þeir nemendur sem ætluðu að taka þátt í sprellmótinu fyrir hönd Data hittust á Götubarnum um kvöldið til að skapa plan varðandi mótið. Data bauð upp á 1 drykk fyrir alla sem mættu.

## 17. september – Sprellmót SHA

Svaka dagskrá í boði SHA fyrir nemendur háskólans á Akureyri. Samkvæmt hefðinni þá var búningapema sem hvert nemendafélag ákvað. Meðlimir Data klæddu sig upp sem bófar, röndóttir/svartir bolir, hanskar og húfa. Sprellmótið var haldið í hátíðarsal skólans, en byrjaði að venju á Ráðhústorginu. Aðildafélög kepptu hvort við annað í hinum ýmsu keppnisgreinum og félagsmenn Data stóðu sig með þryði. Enduðum í þriðja sæti. Vorum með lang flottasta pýramíðann.

## 30. september – Vísindaferð FiveDegrees°

Fyrsta vísindaferðin eftir COVID. Tilhlökkunin var mikil og margir forvitnir hvernig þetta væri. Tekið var vel á móti okkur á FiveDegrees. Fengum góða kynningu á starfseminni. Pizza, drykkir, snarl og nammi á boðstólum. Pubquiz og spjöllin voru það sem stóðu upp úr. Fólk rölti svo í bæinn vísindaferðinni lokinni og hélt áfram að skemmta sér.

## 19. október – Nýnemafulltrúi kosinn



Þann 13.október var auglýst staða nýnemafulltrúa. Aðeins ein bauð sig fram og var því sjálfkjörin. Engin mótmæli. Pauline Lafontaine situr nú í stöðu nýnemafulltrúa.

### 25.nóvember – Vísindaferð WISE

Fengum góða kynningu á starfseminni. Subway, drykkir, snarl og nammi á boðstólum. Spjöllin voru það sem stóðu upp úr. Fólk rölti svo í bæinn vísindaferðinni lokinni og hélt áfram að skemmta sér.

### 18.nóvember – Próflokahittingur

Fyrst að prófatíðin var búin að renna á sitt skeið og styttist í verklegu námsskeiðin var kominn tími til að gera eitthvað saman. Meðlimir Data hittust á Borgum til að fagna þessum tímamótum. Spilað var Beerpong og spjallað mikið saman.

### 26.-29.Janúar - Stóra-Vísó

Góð dagskrá var yfir þessa nokkra daga. Gistu flest allir á hótél cabin. 9 manns frá DATA sótti ferðina. Fyrsta Stóra-Vísó eftir COVID. Allir skemmtu sér mikið og gaman að fá betri innsýn í starfsgreininga.

26.Janúar

- Rútuferð frá AK til RVK
- SHA vísó - Síminn
- Borðað saman á Gastro Pub

27.Janúar

- Vísindaferð í CCP  
Þetta var uppáhalds hjá flestum. Mjög gaman og persónulegt, borðuðum með
- þeim hádegismat og spjölluðum mikið saman
- Sameiginleg ferð í Marel með Stafnbúa
- Áhugavert að skoða annað starfssvið
- Júní
- Mjög lítil, persónuleg, stutt og skemmtileg vísindaferð.
- Blush - SHA Vísindaferð
- áhugavert
- Minigarðurinn
- Pizzahlaðborð á vegum SHA. Farið í bæinn eftir það.

28.Janúar

- Ölgerðin - SHA vísindaferð
- Sjálfstæðisflokkurinn - SHA vísindaferð

29.Janúar

- check-out og rútuferð heim.

## 11.mars - Árshátíð SHA

Góð mæting var í ár en 15 manns sóttu árshátíðina frá DATA. Við hittumst í smá fyrirteiti á Ölstofunni þar sem Data bauð upp á einn fordrykk á mann. Síðan var haldið afstað upp í Háskóla. Við tókum þátt í að hafa skemmtiatriði en það var örstutt spurningakeppni sem gjaldkerinn, Þorsteinn Jón Thorlacius, sá um eins og meistari með varaformanninum, Loga, hundtrygga aðstoðamannin sér við hlið. Þemis unnu keppnina hjá okkur og fengu kippu af LOV í verðlaun. Það var dansað þangað til að tónlistin stoppaði og svo var tekin rúta niður í bæ og haldið áfram að skemmta sér.

## Kynningarmál

Ólafur Jónsson, verkefnastjóri tölvunarfræðideildar HA, hefur frá upphafi verið duglegur við að kynna námið í grunnskólum, framhaldsskólum og hinum ýmsu viðburðum um land allt. Það voru tveir fyrirlestur sem voru í boði. Einn á vegum SHA en á þeim fyrirlestri var fjallað um darknet og var það mjög áhugavert. Einnig fengum við að sitja fjarfund hjá félag tölvunarfræðinga, þar var kynnt Indó svo eitthvað sé nefnt. Þetta er eitthvað sem mætti endilega skoða frekar og hafa oftár. Einnig var mikið rætt milli Sóldísar, formanns, og Ólafs verkefnastjóra, um að halda nokkrar kynningar yfir skólaárið frá eldri nemendum sem sótt hafa námið hér á Akureyri, hins vegar varð lítið úr því.

## Það sem betur mætti fara

Við hefðum geta verið duglegri við minniháttar hittinga eins og t.d. að spila among us á Discord, lærihittinga eða einfaldlega hittast á borgum og spila borðtennis og pílu. Við vorum með stærri hugmyndir um hvað ætti að gera yfir önnina en í raun varð. Einnig vildum við vera dugleg að sækja um styrki en ekkert varð úr því. Það er eitthvað sem við stjórnin lítum á að sé nauðsynlegt fyrir komandi stjórn að skoða til þess að gefa okkur tækifæri á að hafa fleiri samkomur og skemmtanir. Þar sem þetta er ennþá svo lítið félag þarf ekki mikinn pening til þess að hann nýtist í marga hluti. Stjórn langaði einnig að prufa að hafa fjáröflun í formi sölu á bolum/peysum merktum félaginu sem ekkert varð úr.

*Stjórn Data 2022-2023*



## Árskýrsla Eirar

### *Stjórn Eirar 2021-2022:*

**Formaður:** Hugrún Sigurðardóttir

**Varaformaður:** Erla Salome Ólafsdóttir

**Gjaldkeri:** NN

**Ritari:** Lilja Gestsdóttir

**Meðstjórnandi:** Brynja Rún Steinþórsdóttir

**Hagsmunafulltrúi:** Ingibjörg Ósk Ingvarsdóttir

**Tengiliður nýnema hjúkrun:** Sunneva María Pétursdóttir

**Tengiliður nýnema iðjuþjálfarar:** Hrafn Jónsson

**Tengiliður nýnema í framhaldsnámi sjúkraliða:** Kristín Helga Stefánsdóttir

### *Fulltrúar í fastanefndum SHA:*

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Guðbjörg Helga Aðalsteinsdóttir

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Gabríela Auður

### *Starfsemi félagsins*

Eir er stærsta nemendafélag Háskólans á Akureyri og í því eru nemendur úr hjúkrunarfræði, iðjuþjálfunarfræði og nemar í framhaldsnámi á heilbrigðisvísindasviði. Félagið leggur megináherslu á að halda uppi öflugum félagslífi fyrir félagsmenn sína. Haldnir eru reglulegir viðburðir og vísindaferðir bæði á vegum Eirar og í samstarfi við hin nemendafélögin. Einnig tekur félagið virkan þátt í viðburðum á vegum SHA.

### **18. febrúar 2021 – Aðalfundur Eirar**

Aðalfundur Eirar var haldinn rafrænt á zoom þar sem ný stjórn var kosin.

### **13. mars 2021 – Árshátíð SHA**

Halda átti árshátíð SHA með pompi og prakt laugardaginn 13. mars en var aflýst vegna COVID-19. Höfðu meðlimir úr Eir gert árshátíðarvideó og undirbúið fyrirpartý sem átti að vera fyrir árshátíðina.

### **25. ágúst 2021 – Nýnemadagar**

Stjórn Eirar mætti öll á nýnemadaga í háskólanum og kynnti félagið í þremur kennslustofum. Stjórn óskaði eftir framboðum til nýnemafulltrúa og grillaði hamborgara í gesti og gangandi.

### **25. ágúst – Nýnemakvöld**

Nýnemakvöld Eirar var haldið á Ölstofunni og mættu 75 nýnemar á kvöldið ásamt því að félagið bauð upp á gullnar veigar og pub quiz. Nýnemar voru ánægðir með kvöldið og fannst gaman að hitta samnemendur sína fyrir skólaárið.

### **27. ágúst – Nýnemadagar SHA**

Stjórn Eirar og aðrir meðlimir aðstoðuðu við ratleik og grill á nýnemadögum SHA. Fjölmenntu Eirlingar á viðburðinn um daginn og í Sjallann um kvöldið þar sem var dansað fram að lokun.

### **4. september – Kosning nýnemafulltrúa**

Kosning nýnemafulltrúa var rafræn og lokaði 4. september. Var Sunneva kosin fyrir hönd hjúkrunarnema en Hrafn og Kristín sjálfkjörin. Var ákveðið að framhaldsdeild sjúkraliða ætti nýnemafulltrúa í ár vegna þess að þetta er ný námsbraut og mikilvægt að vera með tengingu við nemendur ef koma þyrfti ábendingum til okkar.

### **10. september – 23. september – Vísindaferðir í stjórnmalaflokka**

Félagar úr Eir mættu í vísindaferðir á vegum stjórnmalaflokkana vikurnar fyrir alþingiskosningar. Var á öllum stöðum boðið upp á veitingar og gullnar veigar á meðan að stúdentar ræddu við stjórnmalafólk.

### **15. september – Undirbúningskvöld fyrir Sprellmót**

Nemendur hittust og fönnduðu búninga fyrir sprellmótið, en fyrir kvöldið höfðu nemendur kosið „Dude with Sign“ sem búninginn sinn.

### **17. september – Sprellmót**

Eirlingar hittust á efri hæðinni á Vamos og hituðu upp fyrir sprellmót. Þar var boðið upp á gullnar veigar og var dansað þangað til að mæta átti á Ráðhústorgið. Gekk Eir vel á mótinu og höfnuðu í 3. sæti.

### **14. október – Bjórbingó SHA**

SHA bauð nemendum skólans að mæta á bjórbingó þar sem boðið var upp á góða stemningu og veglega vinninga.

### **28. október - Hryllingsmyndakvöld SHA**

SHA bauð nemendum skólans að mæta á hryllingsmyndakvöld í hátíðarsalnum.

### **29. október – Halloween partý SHA**

SHA bauð nemendum að mæta á Halloween partý á Vamos og skemmtu nemendur sér konunglega.

### **Frestað – Lotuhittingur klásusnema**

Halda átti lotuhitting klásusnema á Borgum 4. nóvember sem þurfti að fresta vegna smita sem komu upp í lotunni.

### **16.-22. nóvember - Upprifjunarnámskeið Eirar**

Í þriðja sinn var upprifjunarnámskeið Eirar haldið og skráðu hátt í 100 klásusnemar sig á námskeiðið, sem er jafnframt fjáröflun fyrir nemendafélagið. 4. árs hjúkrunarnemarnir Bryndís Elva Bjarnadóttir og Sýlvía Sif Halldórsdóttir fóru fyrir kennslunni. Bryndís kenndi Vefja- og frumulíffræði en Sýlvía líffærafræði. Ef nemendur skráðu sig á annað námskeiði kostaði það 6.000 kr en ef þeir skráðu sig á bæði var það 12.000 kr. Var mikil ánægja meðal nemenda sem og kennara. Ekki var áhugi hjá 1. árs iðjuþjálfunarnemum fyrir upprifjunarnámskeiði í Byggingu og starfsemi mannlíkamans líkt og fyrri ár.

### **Frestað – Próflokapartý Eir**

Stjórn ætlaði að bjóða nemendum upp á veglegt próflokapartý fyrir jólafrí, en var frestað vegna samkomutakmarkana.

## Frestað – Stóra Vísó

Halda átti stóru vísó helgina 29.-31. janúar en var frestað vegna COVID-19. Hafði stjórn haft samband við fjölmörg fyrirtæki og skipulagt nokkrar ferðir, en illa gekk að fá að koma í heimsókn hjá flestum fyrirtækjum vegna covid.

*Stjórn Eirar 2021-2022*

## Ársskýrsla Kumpána

### Ársskýrsla Kumpána 2023

#### Stjórn Kumpána 2022-2023:

**Formaður:** Guðrún Ósk Aðalsteinsdóttir

**Varaformaður:** Kolbrún Birna Jökulrós Þrastardóttir


**Fjármálastjóri:** Gestur Vagn Baldursson

**Ritari:** Rakel Rún Sigurðardóttir

**Nýnemafulltrúi sálfræðinema:** Herborg Rut Geirsdóttir

**Nýnemafulltrúi félagsvísindanema:** Ragnhildur Sól Guðmundsdóttir

**Nýnemafulltrúi lögreglufræðinema:** Birta Dögg Álfhildardóttir



**KUMPÁNI**

#### Fulltrúar í fastanefndum SHA

**Fulltrúi í viðburðarnefnd:** Alda Rut Sigurðard./Freyja Jannerup/Guðrún Ósk Aðalsteinsd.

**Fulltrúi í kynningarnefnd:** Magnús Már Pálsson/Valdís Kapitola Þorvarðardóttir

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Silja Rún Friðriksdóttir

Ný stjórn Kumpána var kjörin á aðalfundi sem haldinn var á Zoom 4. febrúar 2022. Bárust tvö framboð í stöðu formanns, þau Gestur Vagn og Guðrún Ósk. Einnig barst eitt framboð í stöðu varaformanns og var það Kolbrún Birna. Ekki barst framboð í aðrar stöður fyrir aðalfundinn en fyllt var í þær stöður á aðalfundinum sjálfum.

#### Félagsstarfið

Fyrsta mál á dagskrá eftir að ný kjörin stjórn tók við var að skipuleggja árhátíð sem haldin var 12. Mars 2022. 24 galvaskir Kumpánar mættu í sínu fínasta þússi. Fyrirpartý var haldið á Vamos og sameiginleg rúta með Magister og Reka var tekin frá Hofi upp í Háskóla. Skemmtiatriði Kumpána var leikur þar sem tveir sjálfboðaliðar frá hverju aðildafélagi og starfsmannaborði sóttu hluti út í sal. Verðlaun voru veitt fyrir þrjú efstu sætin og heppnaðist mjög vel.

31. mars 2022 var haldið fyrsta lærdómskvöld nýkjörinnar stjórnar og var það staðsett í Sólborg. Töldum við góða mætingu hafa verið og voru stúdentar ánægðir.

7. apríl 2022 var spilakvöld Kumpána haldið á Borgum. Boðið var upp á áfengi og snakk og útvegaði stjórnin spil. Gekk kvöldið einkum vel að mati stjórnar.

Lærdómskvöld tvö var haldið 25. apríl 2022 þar sem boðið var upp á prófatíðar pítsu. 15 manns mættu og nutu samveru og hughreystingar frá öðrum nemendum.

Haustönn 2022 byrjaði með nýnemadegi hug- og félagsvísindasviðs uppi í Háskóla þar sem stjórnin kynnti starfsemi Kumpána og auglýsti eftir nýnemafulltrúum. Um kvöldið fór af stað ótrúlega skemmtilegt og fjölmennt nýnemakvöld sem haldið var á Götubarnum. Allir nýnemar fengu merkingar með sinni námsleið á brjóstkassann. Stjórnin stóð fyrir skemmtilegu Pubquizi og keyptir voru tveir bjórkútar sem kláruðust á met tíma þar sem allir voru tilbúnir að starta góðu skólaári í góðum félagsskap.

14. september var peppfundur fyrir Sprellmótið haldinn þar sem boðið var upp á pítsur frá Dominos. Þar voru ákveðnir búningar og fólki var raðað í keppnir. Einnig fengum við framlag í atriði fyrir „hæfileikakeppnina“. Loks kom svo að Sprellmótinu sem fór fram föstudaginn 16. September 2022. Um 50 manns voru skráðir og klæddum við okkur upp sem sjóræningja. Stjórnin hittist kvöldið áður og máluðu fána og skraut til að hafa sem fylgihluti. Fyrirpartý var haldið á Bryggjunni þar sem boðið var upp á bjór og mat. Loks kom að Sprellmótinu sjálfu þar sem nóg var af drykkjum og skemmtun fyrir alla. Mútuðum við dómurum með gjafabréfum í Skógarböðin og World Class, gjafakörfum, áfengi og ljóðum. Dómararnir tóku mjög vel í múturnar en þær náðu þó ekki að skila okkur verðlaunasæti.

Þann 20. september var þriðja lærdómskvöldið haldið í Sólborg. Þangað mættu 8 manns og höfðu það kósý.

Í október var svo komið að lotuhittingum deildanna. 3. október og 17. október voru haldnir lotuhittingar fyrir fyrsta árs nema í félagsvísindum og svo sálfræði á Borgum. Þangað mættu fjöldi manns og gæddu sér á áfengi, gosi og snakki. Partýstemning var fram eftir kvöldi með spilum, tónlist og látbragðsleik. 6. október og 20. október voru lotuhittingar eldri nema í félagsvísindum og síðan sálfræðinema haldnir á Ölstofunni. Þangað var mjög góð mæting, fólk fór í karaoke og kútur af bjór kláraðist mjög hratt.

Þann 4. október bauð stjórnin í sína fyrstu vísindaferð. Fræðagarður kom norður og hélt vísindaferð fyrir Kumpána og Þemis. 18 manns mættu úr Kumpána á kynningu frá Fræðagarði í Sólborg og síðan var farið yfir í Borgir þar sem Fræðagarður bauð upp á mat og drykki.

4. nóvember buðu aðildarfélög Hug- og félagsvísindasviðs nemum á mjólkurkvöld á Vamos. Drukinn var einn kútur og fólk skemmti sér saman fram á nótt.

Vorönn 2023 byrjaði af krafti með Stóru-Vísó dagana 26. - 29. janúar. Kumpánar mættu galvaskir til Reykjavíkur þar sem þeim var boðið í vísindaferðir bæði á vegum Kumpána og SHA. Fyrsta vísindaferðin var á vegum SHA í Símann á fimmtudagskvöldinu. Vel var tekið á móti okkur með mat og drykk, karaoke og beer-pong. Að lokum voru nemendur leystir út með gjöfum frá Símanum. Ótrúlega skemmtileg byrjun á góðri ferð.

Á föstudagsmorgun héldu svo nemendur úr Kumpána í heimsókn til RÚV. Þar fengum við virkilega áhugaverða leiðsögn um húsakynni RÚV þar sem starfsemin var kynnt og nemendur fengu að máta sig í setti Vikunnar. Seinni partinn tók svo við ferð í Orkusöluna á vegum SHA. Þar var boðið upp á mat og drykki ásamt stuttri kynningu á starfsemi Orkusölnunnar. Frá Orkusölnunni fórum við svo beint í heimsókn í Blush með hinum aðildarfélögnum. Þar hélt Gerður glæsilega kynningu á starfsemi Blush ásamt því sem við fengum sýnistúr um lagerinn. Boðið var upp á freyðivín og 10% afslátt af vörum Blush sem var vel nýttur. Um kvöldið fóru svo öll félögin í Minigarðinn þar sem boðið var upp á pítsuveislu.

Á laugardeginum tóku Kumpánar daginn snemma með vísindaferð til Neyðarlínunnar. Byrjað var á stuttri kynningu frá Slökkviliði Höfuðborgarsvæðisins þar sem við fengum að skoða slökkvibíla og sjúkrabíla. Neyðarlínan bauð svo upp á morgunmat yfir mjög áhugaverðri kynningu á starfseminni. Að lokum fengum við að kíkja á símaverið. Virkilega áhugaverð og skemmtileg heimsókn. Næst héldum við í miðbæinn í heimsókn til Q-félagsins sem sér um fræðslu fyrir hönd Samtakanna 78. Þar var boðið upp á drykki og snakk ásamt



skemmtilegri kynningu á hinsegin málefnum og starfsemi samtakanna. Nemendur tóku virkan þátt með spurningum og umræðum og skemmtu sér vel. Þá var haldið í vísindaferð Ölgerðarinnar ásamt öllum aðildarfélögum SHA. Ölgerðin tók að sjálfsögðu vel á móti okkur með glás af drykkjum, snakki og ís. Eftir kynningu á starfseminni skemmtu nemendur sér vel í góðu partyi þar sem til dæmis var boðið upp á beer-pong og fótboltaspil. Eftir skemmtilega vísindaferð héldum við á næsta stað sem var Valhöll. Sjálfstæðisflokkurinn tók á móti okkur þar sem ráðherrar og þingmenn héldu tölu og svöruðu spurningum, ásamt því að bjóða upp á drykki. Eftir langan dag fóru svo nemendur Kumpána ásamt Þemis og Magister á Sæta Svínið í mat og drykk. Um kvöldið héldu svo flestir nemendur í bæinn þar sem dansað var fram á nótt. Daginn eftir var svo haldið heim. Stóra-Vísó heppnaðist vel í alla staði, nemendur Kumpána voru til fyrirmyndar og allir skemmtu sér stórkostlega.

Í febrúar kom að lotuhittingum. Þann 15. febrúar var lotuhittingur sálfræðinema haldinn á Götubarnum. Kútur af bjór kláraðist hratt en um 40 manns mættu, spiluðu og skemmtu sér saman.

Það sama var uppi á teningnum þann 22. febrúar en þá var lotuhittingur félagsvísindanema haldinn á Götubarnum. Um 50 manns mættu, spiluðu og voru í góðum gír fram á nótt.

Þann 28. febrúar var fjórða lærdómskvöldið haldið í Sólborg í kósý stemningu. Síðasti viðburður sitjandi stjórnar var svo Árshátíð SHA þann 11. mars. 43 Kumpánar voru skráðir til leiks sem byrjaði á fyrirpartyi á Vamos, ásamt nemum úr Þemis og Magister. Þegar nemendur voru búnir að keyra sig í gang var tekin rúta upp í háskóla þar sem árshátíðin sjálf tók við. Þeir Haraldur Örn, Kristófer Páll og Orri Már fóru á kostum með tónlistaratriði fyrir hönd Kumpána og tókst vel með að vinna salinn á sitt band. Kumpánar voru heilt yfir til fyrirmyndar á árshátíðinni og skilur stjórnina eftir sátta og þakkláta fyrir gott ár með Kumpána.

*Stjórn Kumpána 2022-2023*

## Ársskýrsla Magister

### Stjórn Magister 2022-2023:

**Formaður:** Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir

**Varaformaður:** Arndís Ósk Arnarsdóttir

**Gjaldkeri:** Kamila Kinga Świerczewska

**Samskiptafulltrúi:** Berglind Vala Valdimarsdóttir

**Fulltrúi nýnema:** Díanna Snædís Machett

### Fulltrúar í fastanefndum SHA:

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Berglind Vala Valdimarsdóttir

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Viktoría Ósk Eydal

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Arndís Ósk Arnarsdóttir



### Aðalfundur Magister 2022

Aðalfundur Magister 2022 var haldinn 9. febrúar í karaoke herberginu á Ölstofunni, Akureyri. Einnig var aðgengi á fundinn í gegnum Zoom. Sólveig Birna Elísabetardóttir var fundarstjóri og Berglind Vala Valdimarsdóttir fundarritari. Dagmar Ólína var búin að bjóða sig fram sem formaður Magister og Berglind Vala var búin að bjóða sig fram sem samskiptafulltrúi Magister og var þetta samþykkt á fundinum. Á fundinum var óskað eftir framboðum í embætti varaformanns og gjaldkera. Arndís Ósk bauð sig fram sem varaformann og Kamila Kinga sem gjaldkera og var það samþykkt á fundinum. Dagmar Ólína fór yfir ársskýrsluna og Arndís Ósk fór yfir ársreikninginn og voru allir reikningar samþykktir. Breytingartillögur á samþykktum voru allar samþykktar á sjálfum aðalfundinum? Viktoría Ósk Eydal bauð sig fram sem fulltrúa Magister í viðburðanefnd, Berglind Vala Valdimarsdóttir bauð sig fram sem fulltrúa Magister í alþjóðanefnd og Arndís Ósk Arnarsdóttir bauð sig fram sem fulltrúa Magister í kynninganefnd.

### Hagsmunamál

Formaður, Dagmar Ólína Gunnlaugsdóttir, hefur verið fulltrúi stúdenta á stjórnarfundum Hug- og félagsvísindasviðs (áður deildarráðsfundum). Einnig hefur Dagmar setið á fræðasviðsfundum Hug- og félagsvísindasviðs sem fulltrúi stúdenta ásamt einum öðrum stúdent, Guðrúnu Aðalsteinsdóttur, formaður Kumpána. Á þessum fundum hefur formaður verið rödd stúdenta og gætt hagsmuna þeirra eftir bestu getu. Einnig á formaður að vera fulltrúi stúdenta kennaradeildar inni á fundum kennaradeildar en formaður SHA, Sólveig Birna Elísabetardóttir sat þá út október fyrir hönd formanns. Það var vegna þess að tímasetning fundanna hentaði ekki formanni vegna vinnu. Upp kom hagsmunaárekstur á milli Sólveigar og nokkura aðila innan kennaradeildar sem varð til þess að Sólveig gat ekki sinnt þessum fundarstörfum lengur og tók varaformaður Magister, Arndís Ósk Arnarsdóttir við henni og sat þá fundina fyrir hönd formanns út starfsárið. Dagmar var einnig fulltrúi stúdenta í námsnefnd og matsnefnd kennaradeildar þar sem hún var rödd nemenda á málefnum sem þar voru rædd. Síðasta ár hefur verið annríkt þar sem Dagmar Ólína formaður og Sólveig Birna, stúdent í kennaradeild og formaður Stúdentafélags Háskólans á Akureyri hafa verið aðilar í vinnuhópi sem hefur verið að þróa samtalsmiðaða námskeiðsmatið. Einnig hefur Dagmar verið gríðarlega öflug í gæðamálum háskólans en hún var einn af tveimur fulltrúum stúdenta í gæðaráði Háskólans á Akureyri annað árið í röð og sat gæðaráðsfundi einu sinni í mánuði.

## Skemmtanamál

Félagið hélt samtals 6 lotuhittinga fyrir meðlimi félagsins. Hvert námsár fékk 2 lotuhittinga hvert, einn á haustmíssi og einn á vormíssi. Haldnir voru 2 lotuhittingar fyrir stúdenta á 1. ári í grunnnámi, 2 sameiginlegir lotuhittingar fyrir stúdenta á 2. og 3. ári í grunnnámi og 2 sameiginlegir lotuhittingar fyrir 1. og 2. ár í framhaldsnáminu.

Félagið tók þátt í hinum helstu viðburðum hjá SHA eins og Árshátíð 2022, Nýnemadögum, Sprellmóti, Halloween-balli, Prófloka, Stóra Vísó og Árshátíð 2023. Einnig hefur Magister reynt að halda áfram öflugu samstarfi með öðrum aðildarfélögum við SHA og hélt t.d. sameiginlega viðburði með þeim.

## Lotuhittingar starfsárið 2022-2023

Á haustmísserinu var ákveðið að halda lotuhittinga fyrir öll árin; 1 hittingur fyrir 1. árs stúdenta, 1 sameiginlegur hittingur fyrir 2. og 3. árs stúdenta og 1 lotuhittingur fyrir stúdenta í framhaldsnámi. Allir grunnnemar fengu því lotuhitting með sínu ári, ýmist á Ölstofunni eða á Götubarnum þar sem Magister bauð upp á fljótandi veigar. Góð mæting var á alla hittinga hjá grunnnáminu. Einnig var haldin lotuhittingur á Ölstofunni fyrir framhaldsnema þar sem félagið bauð upp á fljótandi veigar en og þar var einnig góð mæting. Á vormísserinu fengu aftur öll námsár innan kennaradeildar einn lotuhitting hvert. Haldin var lotuhittingur fyrir 1. árs stúdenta en hann var haldin á Borgum þar sem Magister bauð upp á fljótandi veigar ásamt smá veitingum. Þar var spilað og haldið pubquiz þar sem vinningshafar fengu Magister peysur í vinning. Þar var mjög góð mæting. Aftur var haldin sameiginlegur lotuhittingur fyrir stúdenta á 2. og 3. ári í grunnnámi og var hann haldin á Ölstofunni í karaoke herberginu. Þar var tekið lagið ásamt því að spilað var pubquiz og fengu vinningshafar Magister peysur í vinning. Þar var góð mæting. Að lokum var haldin lotuhittingur fyrir stúdenta í framhaldsnámi á Borgum þar sem Magister bauð upp á fljótandi veigar ásamt smá veitingum. Þarna var einnig spilað pubquiz og fengu vinningshafar Magister peysur í vinning. Góð mæting var á hittinginn.

## Árshátíð SHA 2022

Fyrsta verkefni nýrrar stjórnar var að huga að árshátíð SHA sem var haldin þann 12. mars. Haldið var fyrirpartý fyrir árshátíðina í Einstök herberginu á Ölstofunni. Aðildarfélögin sem héldu fyrirpartý niðri í bæ sameinuðust í rútu upp í skóla fyrir árshátíðina og voru það við í Magister ásamt Reka og Kumpána sem fóru með rútu frá miðbæ Akureyrar og upp í skóla með rútnni.

Öll aðildarfélög eiga að úbúa árshátíðaratriði fyrir Árshátíðina og við í Magister ákváðum að spila lagið *Ég ætla að skemmta mér* með Albatross og á sama tíma varpa upp á skjá glærुकynningu með textabút úr laginu á hverri glæru. Á hverri glæru stóðu fyrir mæli um það hverjir ættu að standa upp og syngja, t.d. “Allir sem eru í Magister standa upp og syngja”. Þetta heppnaðist mjög vel og var góð þátttaka.

Hlutfallsleg skráning var á árshátíðina og mættu 31 aðilar frá Magister á árshátíðina. Borðaður var góður matur, horft á skemmtileg skemmtiatriði og svo dansað á balli sem hljómsveitin Bandmenn héldu að árshátíð lokinni. Þetta heppnaðist allt einstaklega vel enda allir mjög glaðir yfir því að geta mætt á árshátíð eftir langt tímabil samkomutakmarkana.

## Nýnemadagar og nýnemakvöld

Nýnemadagurinn, 24. ágúst 2022 gekk mjög vel fyrir sig. Magister var með kynningu ásamt stjórnendum kennaradeildar fyrir nýnema þar sem þeir fengu kynningu á starfsemi félagsins, viðburðum skólaársins og þeir hvattir til þess að skrá sig í félagið. Einnig var búið að gera lokaðan Facebook-hóp fyrir 1. árs stúdenta og fengu allir nemarnir upplýsingar um hann í kynningunni. Í hádeginu stóðu stjórnarmeðlimir nemendafélaga hug- og félagsvísindasviðs vaktina og grilluðu hamborgara fyrir svanga nýnema. Um kvöldið var nýnemakvöld Magister haldið á Vamos þar sem um 25 manns mættu. Þar keypti Magister kút og bauð því upp á

fljótandi veigar. Þarna áttu nýnemar gott kvöld þar sem þeir fengu tækifæri til að kynnst hver öðrum og spjalla saman. Einnig stóð Magister að pubquizi á kvöldinu og fengu vinningshafar Magister peysur og treu í vinning. Nýnemakvöld framhaldsnema í Magister var haldið í fyrstu lotu framhaldsnema og var það haldið í Einstök herberginu á Ölstofunni. Þar keypti Magister kút og bauð því upp á fljótandi veigar. Það var mjög góð mæting á kvöldið og gaman fyrir nemendur að fá tækifæri til þess að hittast á léttu nóttunum, kynnst og spjalla saman.

### Sprellmót SHA

Sprellmót SHA var haldið þann 16. september 2022. Búið var til lokaðan facebook hóp fyrir þátttakendur sprellmótsins á vegum Magister og alls voru 30 manns sem skráðu sig á mótið og tóku þátt í Sprellmótinu. Undirbúningurinn fyrir mótið gekk vel. Stórt hlutfall þátttakenda Magister á mótinu var á fyrsta og öðru ári í grunnnáminu.

Haldin var kosning og varð Peaky blinders fyrir valinu sem búningapema félagsins. Magister hélt peppfund á miðvikudeginum 14. september á Ölstofunni, og keyptur var ½ kútur fyrir meðlimi félagsins sem höfðu skráð sig á Sprellmótið. Á þessum fundi var mannað í þrautirnar sem aðildarfélögin keppast um í. Fólk var mjög viljugt í að bjóða sig fram til þátttöku.

Stjórnin ásamt öðrum úr félaginu höfðu samband við ýmis fyrirtæki alls staðar á landinu og fengu allskonar gjafabréf og gjafir til að gefa dómurum mótsins sem mútur. Hæfileikaatriðið hjá Magister þetta árið var söngatriði. Það var búið til nýjan texta við lagið „Til hamingju Ísland“. Dagmar formaður og Diana Snædís nýnemafulltrúinn sáu um að útbúa nýjan texta að laginu og sáu einnig um flutninginn upp á sviði og stóðu sig frábærlega. Meðlimir félagsins tóku svo undir með þeim í viðlaginu. Magister endaði svo á því að vinna sprellmótið annað árið í röð!! Haft var orð á því að Magister var í ótrúlega flottum búningum og einnig hvað samheldni skein í gegn hjá félaginu.

### Halloween-ball SHA

Halloween party SHA var haldið 28. október. Stjórn Magister auglýsti partyið vel fyrir Stúdentafélagið fyrir meðlimum Magister. Í partyið mættu nokkrir á vegum félagsins en þar sem að lítið hlutfall af félagsmönnum eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu voru margir sem ekki gátu mætt. Þessi viðburður heppnaðist vel og var góður vettvangur fyrir fólk að kynnst stúdentum úr öðrum aðildarfélögum.

### Stóra Vísó 2023

Stóra Vísó fór fram dagana 26. janúar til 29. janúar í Reykjavík. Það voru 13 meðlimir Magisters skráðir á Stóra Vísó en sumir urðu veðurtepptir heima hjá sér þannig við vorum um 11 sem heimsóttum fyrirtækin. Fyrirtækin sem Magister heimsótti voru Kennarasamband Íslands, Bókasafn Seljaskóla og KVAN. Auk þess þá fórum við í sameiginlegar ferðir með SHA í Ölgerðina, Símann, Blush og Sjálfstæðisflokkinn.

Heimsóknirnar voru mjög skemmtilegar og áhugaverðar. Við í stjórn Magisters vorum mjög ánægðar hversu vel Stóra Vísó tókst eftir tveggja ára hlé.

### Framtíðardagar SHA

Framtíðardagar fóru fram 20. og 21. febrúar 2023. Þar fengu nemendur að hlusta á erindi frá fólki og fyrirtækjum sem voru að kynna sína starfssemi. Hugmyndin með þessum dögum er að stúdentar fái aukna kynningu á atvinnulífinu og því sem er í boði fyrir þau eftir útskrift. SHA bað formenn aðildarfélaganna um að finna einhver fyrirtæki sem væru til í að vera með erindi á þessum dögum og sendum við í Magister ásamt Kumpána á Barnavernd Íslands til þess að koma og vera með erindi á dögnum. Þau voru til í það en vegna einhvers ástæðu héldu þau ekki erindið sitt á framtíðardögum. Erindin voru þó góð og fróðleg en mæting hefði getað verið mun betri hjá stúdentum á þessi erindi.

## Árshátíð 2023

Árshátíð 2023 var haldin hátíðleg þann 11. mars. SHA hélt skráningu fyrir árshátíðina sem var ekki hlutfallsleg, þ.e. aðildarfélögin fengu ekki x marga miða miðað við fjölda skráðra meðlima. Þannig fyrstir komu fyrstir fengu miða. Þemað var casino royal. Dagurinn byrjaði klukkan 15:30 á fyrirpartýi á Vamos sem Magister ásamt Kumpána og Þemis héldu fyrir sína félagsmenn. Þar keyptu félögin kút fyrir fyrstu þyrstu og var gaman að koma saman til að hita upp fyrir árshátíðina, vel var mætt en það voru næstum því 50 manns mættir á efri hæðina á Vamos í fyrirpartý. Klukkan 16:45 sameinuðust öll þau aðildarfélög sem héldu sín fyrirpartý í miðbæ Akureyrar við Hótel KEA þar sem rúta skutlaði liðinu upp í Háskóla þar sem árshátíðin var haldin. Eir, Kumpáni, Magister og Þemis fóru saman með rútunni. Á árshátíðinni var byrjað á því að bjóða upp á fordrykk og einnig var í gangi myndataka með öllum aðildarfélögum. Það var virkilega góð mæting hjá Magister á árshátíðina og hefur hreinlega aldrei verið jafn góð og við vorum tæplega 50 (47) sem mættum á árshátíðina sem er frábært. Borðað var mjög góðan mat sem Bautinn sá um. Veislustjórar kvöldsins voru Benni og Fannar úr hraðfréttum og skemmtu þeir líðnum konunglega! Öll aðildarfélögin voru með atriði og voru það Bryndís og Hörður, nýnemar sem spiluðu 2 lög fyrir hönd Magister. Þau spiluðu lögin Rómeó og Júlía og Sódóma. Bryndís spilaði á gítar og Hörður á píanó og saman stýrðu þau hópsöng við lögin og stóðu sig konunglega! Atriðin hjá hinum aðildarfélögum voru einnig mjög flott og vel heppnuð. Að lokinni dagskrá var haldið ball þar sem hljómsveitin Færibandið spilaði undir dansi og var þetta mjög heppnað kvöld. Það eina sem okkur fannst ábótavant var hversu lengi röðin í matinn var að líða annars var þetta vel heppnaður dagur í alla staði og allir voru glæsilegir.

## Próflokpartý SHA

SHA stóð fyrir nokkrum partýum til að fagna próflokum við lok hvers misseris. Stjórn Magister auglýsti þessi partý vel hjá öllum hópum og mættu nokkrir á vegum félagsins á þessa viðburði. Þess má geta að lítið hlutfall af félagsmönnum eru búsettir á Eyjafjarðarsvæðinu og því alls ekki allir sem gera sér ferð til Akureyrar til þess að fagna próflokum. Þessir viðburður voru þó vel heppnaðir og gaman fyrir fólk að kynnast fleiri stúdentum frá öðrum aðildarfélögum.

## Samstarf

Magister hefur ævinlega reynt að vera í góðu samstarfi með aðilum sem hjálpa okkur að stuðla að góðu félagsstarfi. Þetta árið var einkar gott hvað samstarf varðar og má sérstaklega nefna samstarf við önnur aðildarfélög innan hug- og félagsvísindasviðs við Háskólann á Akureyri, samstarf við Kennarasamband Íslands og samstarf við Kennó, félag kennaranema við HÍ.

## Samstarf aðildarfélaga á Hug- og félagsvísindasviði

Samstarf aðildarfélaga á Hug- og félagsvísindasviði hefur verið einstaklega gott þetta árið. Hafa félögin verið í miklu samráði þegar kemur að viðburðum og hagsmunamálum inni á deildaráðs- og sviðsfundum. Dagmar Ólína, formaður Magister og Guðrún Ósk, formaður Kumpána sátu fundi fyrir hönd stúdenta á hug- og félagsvísindasviði með stjórn hug-og fél (deildarráðsfundir) sem og á sviðsfundum. Sameiginlegt Mjólkurkvöld var haldið 4. nóvember þar sem meðlimir aðildarfélaganna þriggja, Magister, Kumpána og Þemis, áttu ánægjulega stund saman. Mjólkurkvöldið var haldið á Vamos og var þar góð mæting. Félögin keyptu saman kút fyrir fyrstu þyrstu og svo var spilað og dansað á Vamos.

Einnig var sameiginlegur fundur meðal formanna félaganna þriggja til að ræða hugmyndir fyrir Stóru Vísó, Þemis og Magister ætluðu í sameiginlega vísindaferð í skólamálaráðuneytið en gátum það ekki sökum framkvæmda á húsnæði ráðuneytisins. Hins vegar var ákveðið að félögin þrjú færu saman út að borða á Sæta svínið sem við svo gerðum laugardagskvöldið 28. janúar. Félögin héldu skráningu yfir þá sem vildu fara með og í skráningunni gat fólk gert grein fyrir því hvað það vildi borða. Upplýsingar um fjölda og hvað fólk vildi borða var svo sent á Sæta Svínið og allt gekk vel. Allir borguðu fyrir sig með því að



leggja inn á eitt aðildarfélagið (Þemis) sem svo borgaði fyrir hópinn þegar mætt var á staðinn. Þetta var mjög ánægjuleg stund þar sem félögin borðuðu góðan mat saman, fengu sér drykki og spjölluðu.

Félögin Þrjú, Magister, Kumpáni og Þemis héldu sameiginlegt fyrirparty fyrir árs hátíðina 11. mars. Það byrjaði klukkan 15:30 á Vamos þar sem félögin buðu upp á fljótandi veigar fyrir félagsmenn félaganna þriggja sem voru á leiðinni á árs hátíð. Það var góð mæting allir vel tilbúnir til að mæta á árs hátíð og komnir í stuð eftir partyið. Félögin sameinuðust í rútu frá Hofi sem keyrði alla upp í Háskóla þar sem árs hátíðin var haldin. Í rúttunni voru fleiri aðildarfélög þar sem öll þau félög sem héldu party niðri í bæ sameinuðust til að panta rútu fyrir mannskapinn.

Eftir þetta starfsár teljum við að gott samstarf hafi verið á milli allra aðildarféлага innan SHA, þar sem við höfum sótt stuðning hjá hvert öðru, leitað ráða og spjallað saman um málefni líðandi stundar sem varðar stúdenta, setið saman á stúdentaráðsfundum o.s.frv. Við vonumst til þess að komandi stjórn haldi þessu góða samstarfi áfram.

### Samstarf við Kennarasambandið (KÍ)

Berglind Vala Valdimarsdóttir, samskiptafulltrúi Magister hefur séð um samskipti við Kennarasamband Íslands (KÍ) á starfsárinu. Hún var í mestum samskiptum við varaformann KÍ, Jónínu Hauksdóttur. Jónína kom til okkar á Akureyri í apríl 2022 og kynnti KÍ fyrir stjórn Magister ásamt félagsmönnum sem komust á kynninguna.

Mestu samskipti á milli Jónínu og Berglindar voru í sambandi við nemendamálþing NLS í Danmörku sem fór fram dagana 6. október til 8. október. Málþingið var haldið í Kaupmannahöfn og fjallaði það um gæði náms. Það voru Berglind Vala og Díaná Snædís sem fóru fyrir hönd kennaranema hér á Íslandi á þingið. Ástæðan fyrir því að tveir nemendur fóru frá Háskólanum á Akureyri var vegna þess að enginn frá Háskóla Íslands sá sér fært að fara, þrátt fyrir að þar séu mun fleiri nemendur heldur en hér í HA. Á málþinginu voru kennaranemar frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Noreg, Finnlandi, Færeyjum og Grænlandi. Eftir málþingið þá skrifaði Berglind skýrslu um það sem fór fram á málþinginu og kynnti svo Jónína Hauksdóttir það fyrir stjórn KÍ.

Þegar Stóra Vísó var haldið fengum við í Magister það tækifæri að heimsækja KÍ og var það Jónína Hauksdóttir sem tók á móti okkur. Þar fengum við að kynnst starfsemi KÍ og var það mikilvægt fyrir okkur verðandi kennaranema.

### Samstarf við Kennó

Samstarfið við Kennó hefur verið ágætt á þessu ári en það mætti styrkja sambandið betur. Við buðum þeim að koma með okkur í Vísindaferð til KÍ sem þau þáðu en það var frekar dræg mæting að þeirra hálfu. Var það mögulega vegna þess að tímasetning hentaði illa fyrir vinnandi fólk en vonandi mun það takast betur næst þegar við hittumst aftur fyrir sunnan.

Við í Magister sýndum áhuga að hitta Kennó þegar þau ætluðu að koma norður í skíðaferð. En sá hittingur datt niður fyrir sig þar sem Kennó felldi niður ferðina vegna lélegrar þátttöku í félagslífinu. Við vonum þess vegna að á næsta skólaári muni samstarf við Kennó verða betra.

### Fjáraflanir

Magister seldi langermaboli á haustmísserinu en það hefi mátt ganga betur að koma þeim út. Ennþá á félagið töluvert magn af peysum sem komandi stjórn getur reynt að koma út hjá komandi nemum í kennaradeild.

### Kynningarstarf

Arndís Ósk Arnarsdóttir hefur verið fulltrúi Magister í kynningarnefnd síðastliðið skólaár. Á tímabilinu hefur kynningarnefnd haldið nokkrar fundi þar sem að formaður kynningarnefndar, Lilja Margrét Óskarsdóttir, hefur boðað til funda og á þeim fundum hefur verið rætt um komandi viðburði og skipulag sem að krefst fyrir þá viðburði hverju sinni. Heilt yfir hefur



samstarf kynningarnefndar gengið vel og hefur verið mikill áhugi innan kynningarnefndar að taka þátt í viðburðum sem að snúa að því að kynna það sem að skólinn hefur uppá að bjóða. Það hefur aldrei verið vandamál að fá fulltrúa úr náminu til þess að koma og standa vaktir á viðburðum og fær Miðstöð skólaþróunar einnig mikið þakklæti fyrir það að vera ávallt tilbúin til þess að lána okkur ýmis tæki og tól sem við þurfum til þess að kynna kennaranámið og skólann okkar.

### Opnir dagar:

27. og 28. október voru haldnir opnir dagar í Háskólanum þar sem að nemendur úr öllum aðildarfélögum kynntu námsleiðirnar sem Háskólinn á Akureyri býður upp á. Básar voru settir upp í hátíðarsalnum sem fulltrúar aðildarfélaganna gátu skreytt eftir eigin hug. Svo stóðu þeir vaktina við básana og fræddu framhaldsskólanema um námið og félagslífið við Háskólann á Akureyri. Básinn hjá kennaradeildinni var ótrúlega skemmtilegur og áhugaverður þar sem að við vorum bæði með kennslubækur úr náminu sjálfu, bækur sem að nemendur eru að vinna með í grunnskólum, tæki og tól sem við fengum í láni frá Miðstöð skólaþróunar eins og til dæmis ípada sem að voru notaðir til þess að sýna hvernig er hægt að nýta tækni í kennslu. Einnig fengum við litla róbóta sem nota má til að kenna forritun. Við ákváðum að hafa Sprellmótsbikarinn á básnum okkar til þess að gefa smá innsýn inn í félagslífið í Háskólanum og fannst okkur tilvalin hugmynd að hafa krítar í boði fyrir gesti sem að við höfðum í bikarnum sjálfum. Einnig vorum við líka með epli og risa blýant sem að við keyptum í Tiger til skrauts á básnum. Við fengum fjölnota poka, límmiða og annað dót merk Háskólanum á básinn okkar frá markaðsdeildinni. Heildar útlitið á básnum kom vel út og dró básinn að sér fjöldan allan af áhugasömum framhaldsskólanemendum. Það voru fulltrúar úr kennaranáminu sem að stóðu vaktina þessa tvo daga og gerðu það með glæsibrag, voru fulltrúarnir tilbúnir að svara öllum spurningum sem að komum varðandi námi og félagslífið við Háskólann á Akureyri. Þetta voru vel heppnaðir daga og allir mjög sáttir.

### Kynningar á Magister

Magister hefur staðið fyrir kynningum á félaginu nokkrum sinnum yfir starfsárið. Við byrjuðum á því að kynna félagið fyrir nýnemum á nýnemadeginum 24. ágúst. Kynningin innihéllt upplýsingar um starfsemi félagsins, hverjir voru í stjórn og helstu viðburði sem mætti búast við á starfsárinu.

Félagið héllt kynningu fyrir erlenda aðila tvisvar sinnum á starfsárinu. Sú fyrri var haldin 3. febrúar fyrir hollenska mastersnema sem komu til að kynna HA og kennaradeildinni þar. Dagmar Ólína, formaður og Berglind Vala, samskiptafulltrúi félagsins héldu þá kynningu. Þetta var fyrsta kynningin sem félagið hélt fyrir erlenda einstaklinga og því í fyrsta sinn sem þær Dagmar og Berglind kynntu félagið á ensku. Það gekk mjög vel og þær fengu góðar undirtektir frá hollensku nemunum og voru þau mjög áhugasöm og spurðu margra spurninga. Nokkrir voru alveg til í að færa sig yfir í HA bara til þess að fá að upplifa Sprellmótið. Það skemmtilegasta við þetta var að í gegnum þessa kynningu mynduðum við tengsl við þennan skóla og erum nú í samskiptum við félag kennaranema út þessum hollenska skóla sem þessir meistaranemar eru frá.

Seinni kynningin fyrir erlenda aðila var haldin 6. mars. Sú kynning var fyrir manninn Lukas Schuecker sem kom frá Austurríki til þess að kynna sér Háskólann og þá sérstaklega kennaradeildina. Sólveig Birna, formaður SHA tók að sér að kynna félagið fyrir honum.

### Stóri Háskóladagurinn

Stóri Háskóladagurinn í Reykjavík var haldin þann 4. mars í Grósku. Dagmar Ólína, formaður fór fyrir hönd félagsins suður og kynnti kennarafræðina fyrir þeim sem voru að kynna sér hvaða háskólanám væri í boði á landinu. Dagurinn heppnaðist vel og margir áhugasamir um kennarafræðina í HA.



Árskýrsla 2022

Stóri Háskóladagurinn á Akureyri var haldin 9. mars í Háskólanum á Akureyri og stóðu Nanna Rán, Berglind Vala og Hanna Karin vaktina og kynntu kennarafræðina í HA fyrir gestum. Þetta var vel heppnaður dagur og þó nokkrir sem komu og spjölluðu við stelpurnar.

*Akureyri, 16. mars 2023  
Stjórn Magister*

## Árskýrsla REKA



### *Stjórn Reka 2022-2023:*

**Formaður:** Hörður Hlífarsson

**Varaformaður:** Kristján Bjarki Gautason

**Fjármálastjóri:** Sírý Alma Ásmundsdóttir

**Meðstjórnandi:** Smári Jónsson

**Fulltrúi nýnema:** Páll Andrés Alfreðsson

### *Fulltrúar í fastanefndum SHA:*

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Hörður Hlífarsson

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Sírý Alma Ásmundsdóttir

**Fulltrúi í kynningarnefnd:** Kristján Bjarki Gautason

## Starfsemi félagsins

Reki er nemendafélag Viðskiptadeildar við Háskólann á Akureyri og er starfrækt á þeim grundvelli að vera sameiningartákn allra viðskiptadeildarnema. Eitt af megin hlutverkum Reka er að halda uppi virku félagslífi innan Viðskiptadeildarinnar. Í þeim tilgangi stendur félagið að ýmsum skemmtunum svo sem nýnemakvöldi, vísindaferðum, lotuhittingum og ýmsu öðru. Reki er enn fremur hagsmunafélag Viðskiptadeildar og beitir sér fyrir úrlausn þeirra hagsmunamála sem upp koma, jafnt innan deildarinnar sem og utan hennar. Síðast en ekki síst er markmið félagsins að kynna nám við Viðskiptadeild HA út á við.

Stjórn Reka skipa fimm manns; formaður, varaformaður, fjármálastjóri, meðstjórnandi og nýnemafulltrúi. Á aðalfundi félagsins sem haldinn er vor hvert er ný stjórn kosin ásamt því að farið er yfir samþykktir félagsins og þeim breytt ef þörf er á. Í upphafi skólaársins gerði stjórn Reka fréttabréf sem var sent út á alla nýnema sem voru að hefja nám við viðskiptafræðideild.

## Félagsstarf

### *25. ágúst 2022 - Nýnemakvöld Reka*

Á nýnemakvöldinu var keyptur kútur á Ölstofunni og mættu 11 manns. Hefði verð gaman að sjá fleiri en við enduðum á því að semeinast Stafnbúa á Vamos. Þar héldum við pubquiz fyrir bæði félögin.

### *14. september 2022 – Peppfundur fyrir Sprellmót*

Það mættu 12 manns á peppfundinn og voru keyptar 5 pizzur og 3 kassar af gosi. Ekki þurfti að kaupa neitt fyrir búninga. Það gekk vel að skipta niður í þrautir og hæfileikaatriði var ákveðið á fundinum.

### 16. september 2022 – Sprellmót

Fyrir sprellmótið voru keyptir drykkir til þess að hafa meðferðis niðri í bæ og uppi í skóla.

Það voru keyptar mútur fyrir dómara sprellmótsins og einnig fengum við gjafabréf frá hinum ýmsu fyrirtækjum. Dagurinn byrjaði á Ölstofunni kl. 13:00 þar sem keyptur var kútur og allir komust í góðan gír áður en haldið var á Ráðhústorgið kl. 14:45. Þar var farið í allar helstu þrautirnar og voru svo teknar rútur upp í skóla. Þar hélt gleðin áfram. Í skólanum var keppt í fleiri þrautum og hæfileikaatriðin flutt. Reki fór upp á svið og tók lagið „Ég er kominn heim“ og Patrick sem var skiptinemi á haustönn 2022 spilaði undir á gítar. Reki var í fótboltatrejum og var mætingin ágæt þar sem við vorum 17 manns.

### 19. október 2022 – Vísindaferð

Sjóvá bauð Reka í vísindaferð í þeirri viku þar sem lota var hjá viðskiptafræðideild. Héldu þau áhugaverða og skemmtilega kynningu um starfsemi þeirra og buðu okkur upp á drykki og veitingar.

Fínasta mæting var í vísindaferðina þar sem 17 manns mættu.

### 20. október 2022 – Lotuhittingur

Lotuhittingur var haldinn á Borgum kl 20:30 og var boðið upp á drykki og snakk. Mætingin hefði mátt vera betri en það voru í kringum 10 manns. Farið var í pubquiz og fengu vinningshafar gjafabréf á Lemon.

### 28. Október 2022- Halloween partý SHA

Árlega Halloween partý SHA var haldið á Vamos þar sem boðið var upp á drykki. Einnig var á svæðinu DJ sem hélt uppi stuðinu. Haldin var búninga keppni þar sem okkar maður í Reka, Páll Orri stóð uppi sem sigurvegari.

### 16. Desember 2022 - Prófloka partý SHA

Það var haldið próflokadjamm á Vamos þar sem boðið var upp á drykki og próflokum fagnað með hinum aðildarfélögunum.

### 26.-29. Janúar 2023 - Stóra Vísó

Lagt var af stað í rútu frá Háskólanum á Akureyri kl 10:00 fimmtudaginn 26. janúar. Liðið var mætt í borgina um kl 16:00 á Hotel Cabin þar sem flestir gistu í ferðinni. Fyrsta ferðin var sameiginleg ferð í Símann á fimmtudeginum frá kl 17:00-20:00. Á föstudeginum byrjaði Reki á að heimsækja Kelduna kl 10:00, fórum svo í Stefni kl 13:00 og Sahara kl 15:00. Allar þessar ferðir voru mjög áhugaverðar og skemmtilegar. Um kvöldið var farið í sameiginlega ferð í Blush og enduðum svo öll á pizzahlaðborði í Minigarðinum. Planið var að fara í Ey á laugardeginum en þau þurftu að hætta við en voru meira en til í að taka á móti okkur á næsta ári. Ákveðið var að fara á Bullseye í staðinn þar sem Reki bauð í pizzu og pílu í hádeginu. Farið var í sameiginlega ferð kl 16:00 í Ölgerðina og eftir það fór allur hópurinn í Valhöll kl 18:00 þar sem fulltrúar úr Sjálfstæðisflokknum tóku á móti öllum félögunum. Haldið var heim á sunnudeginum kl 12:30 og var stemningin heldur lakari en á leiðinni suður. Mætingin hjá Reka var ágæt en ekki gátu allir mætt í þær ferðir sem voru á vinnu tíma. Það voru um 20 manns skráðir frá Reka í Stóra Vísó.

Lagt var af stað í rútu frá Háskólanum á Akureyri kl 10:00 fimmtudaginn 26. janúar. Liðið var mætt í borgina um kl 16:00 á Hotel Cabin þar sem flestir gistu í ferðinni. Fyrsta ferðin var sameiginleg ferð í Símann á fimmtudeginum frá kl 17:00-20:00. Á föstudeginum byrjaði Reki á að heimsækja Kelduna kl 10:00, fórum svo í Stefni kl 13:00 og Sahara kl 15:00. Allar þessar ferðir voru mjög áhugaverðar og skemmtilegar. Um kvöldið var farið í sameiginlega ferð í Blush og enduðum svo öll á pizzahlaðborði í Minigarðinum. Planið var að fara í Ey á laugardeginum en þau þurftu að hætta við en voru meira en til í að taka á móti okkur á næsta ári. Ákveðið var að fara á Bullseye í staðinn þar sem Reki bauð í pizzu og pílu í hádeginu. Farið var í sameiginlega ferð kl 16:00 í Ölgerðina og eftir það fór allur hópurinn í Valhöll kl 18:00 þar sem fulltrúar úr Sjálfstæðisflokknum tóku á móti öllum félögunum. Haldið var heim á sunnudeginum kl 12:30 og var stemningin heldur lakari en á leiðinni suður. Mætingin hjá Reka var ágæt en ekki gátu allir mætt í þær ferðir sem voru á vinnu tíma. Það voru um 20 manns skráðir frá Reka í Stóra Vísó.

### 23. febrúar 2023 - Vísindaferð

Farið var í fyrirtækið Tplús á Akureyri kl. 16:15 þar sem þau kynntu sterfsemi sína fyrir okkur. Boðið var upp á snakk og drykki. Það mættu 10 manns.

### 23. febrúar 2023 – Lotuhittingur

Haldinn var lotuhittingur á Ölstofunni þar sem mættu 14 manns og keyptur var kútur. Spilað var kahoot og var vinningur fyrir fyrsta sætið. Liðið henti sér svo í karaoke og pílu.

### 11.mars 2023 - Árshátíð SHA

Árshátíð SHA var haldinn laugardaginn 11. mars. Reki hélt fyrirpartý á Holtagötu 6 kl. 14:30 þar sem boðið var upp á drykki og léttar veitingar sem Hildur kom með. Ákveðið var að hafa fyrirpartýið í heimahúsi þar sem Reki átti nóg af drykkjum frá fyrri viðburðum. Haldið var upp í skóla um kl. 17:00 og fór Reki í myndatöku kl 17:30. Reki gerði texta við lagið "It's the final countdown" og gerðu við það myndband sem var svo sýnt á árshátíðinni sjálfri sem skemmtiatriði Reka. Það mættu 13 manns frá Reka á árshátíðina.

### 16. mars 2023 – Aðalfundur Reka

Aðalfundur Reka var haldinn 16. mars kl 18:00 í stofu N203 í Háskólanum á Akureyri.

*Stjórn Reka 2022-2023*

## Árskýrsla Stafnbúa

### Árskýrsla Stafnbúa

*Stjórn Stafnbúa 2022-2023:*

**Forseti:** Friðbjörg María Björnsdóttir



**Varaforseti:** Fanney Gunnarsdóttir

**Fjármálastjóri:** Kristianna Mjöll Arnardóttir Olsen

**Aðalritari:** Garðar Kári Garðarsson

**Fulltrúi nýnema:** Sóley Katrín Heiðarsdóttir

**Fulltrúi í náms- og matsnefnd auðlindadeildar:** Friðbjörg María Björnsdóttir

*Fulltrúar í fastanefndum SHA:*

**Fulltrúi í viðburðanefnd:**

**Fulltrúi í alþjóðarnefnd:**

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Kristófer Dan Stefánsson

### Starfsemi félagsins

Markmið hjá stjórnarinnar voru skýr á liðnu tímabili en eftir mikið covid vesen var sefnt á að endurlífga félagslíf deildarinnar og taka alla þá viðburði sem hefð hefur verið fyrir með trompi. Þetta gekk vonum frammar og var gríðarlega gaman að sjá hvernig samheldnin í félaginu þrýtur aldrei.

### Félagslíf

Félagslífið í Stafnbúa hefur alltaf verið mjög öflugt og hér fyrir neðan má sjá þá viðburði sem voru skólaárið 2021-2022.

### Peppkvöld fyrir smakk-kvöldið 23.02.22

Haldið var pepp-kvöld á Borgum til þess að kynna smakk-kvöldið þar sem viðburðurinn hafði legið í dvala sökum covid. Þetta var vel heppnað, og skráðu margir sig til leiks í kjölfarið.



### Smakk-kvöld 10.03.22

Árlegt Smakk-kvöld Stafnbúa var haldið 10. mars í seinni fjarnemaviku annarinnar. Aðal styrktaraðili kvölsins var Samherji. Mjög góð mæting var á viðburðinn og ekki vantaði upp á kræsingarnar, sem dæmi var boðið upp á súkkulaði harðfisk, laxapizzu, djúpssteikta loðnu, ufsaborgara, rækjukokteil, Paellu, Þorsk í pistasúsalsa svo eitthvað sé nefnt. Félagsmenn tóku mjög virkann þátt í öllum undirbúning og var frágangur til fyrirmyndar. (Dagbjört var mjög kát með okkur).

### Háskóladagur 19.03.22

Háskóladagurinn var haldinn í Sólborg og stóðu Þorvaldur Marteinn, Kristófer Dan og Guðdís Benný vaktina fyrir hönd sjávarútvegsnema, Fanney Gunnars og Ólöf Rún stóðu vaktina fyrir líftæknina. Þar var Dróninn til sýnist ásamt öðrum spennandi hlutum úr náminu. Stafnbúi keypti sælgæti eins og vaninn er sem boðið var upp á fyrir gesti.

### Heimsókn í Arnarlax á Bíldudal 13-15 maí 2022

Arnarlax bauð Stafnbúum í heimsókn til sín á Bíldudal. Haldið var af stað að morgni dags 13 maí. Innifalið í ferðinni voru 3 bílaleigubílar til Bíldudals, gisting, öl, matur ásamt kynningu og vettvangsferð um fiskeldið. Haldið var mjög vel utan um okkur og var ferðin mjög vel heppnuð.

### Nýnemakvöld Stafnbúa 25.8.22

Nýnemakvöld var haldið á efri hæðinni á Vamos, Stafnbúi keypti dælubjór á liðið og mætingin var góð.

### Sprellmót Stafnbúa 16.09.22

Spellmót var haldið í frábæru veðri þátttaka var mjög góð hjá Stafnbúum. Stafnbúar unnu hverja keppnina á fætur annarri en það nægði ekki til að komast á pall. Skemmtiatriðið stóð sérstaklega upp úr en Stafnbúar breyttu sér í glow stick karla og dönsuðu sitt besta.

### Lotuhittingur á Borgum 26.09.22

Fyrsti lotuhittingur annarinnar var á Borgum. Settum saman pubquiz og settum random hópa saman. Vel heppnað í alla staði og góður ísbrjótur fyrir fyrsta árs nemanu

### Vísindaferð í Sæplast og Samherja ásamt Ölstofuhitting 26.10.22

Farið var í vísindaferð í Sæplast og Samherja á Dalvík 26.okt og heppnaðist ún mjög vel og erum við mjög sátt með þær heimsóknir. Fyrirtækin borguðu undir okkur rútu fyrir ferðina og

Það var góð mæting og geggjuð stemmning. Síðan skelltum við okkur á Ölstofuna um kvöldið þar sem Stafnbúi splæsti í kút á liðið.

### Vísindaferð í Vélvagn 27.10.22

Í framhaldi af vísindaferðinni í Sæplast og Samherja þá fengum við að kíkja í Vélvagn daginn eftir, við vorum einnig mjög sátt með þá heimsókn.

### Opnir dagar 27 október 22

Kristófer Dan, Guðdís Benný og Sóley Katrín stóðu vaktina og kynntu sjávarútvegsfræði og líftækni á opnum dögum.

### Ferð til Tromsø 2-9 nóv 22

Nokkrir nemendur á þriðja ári í sjávarútvegsfræðinni fengu styrk til þess að fara til Tromsø í Noregi. Í þeirri ferð fengum við m.a. að heimsækja háskólann í Tromsø og fiskeldisfyrirtæki. Ferðin heppnaðist rosalega vel, allir tóku rosalega vel á móti okkur og við erum mjög ánægð með ferðina í heild sinni. Magnúr kennari kom með okkur út sem hentaði mjög vel vegna þess að hann þekkti svæðið.

### Sjávarútvegsráðstefna 10.11.22-11.11.22

Friðbjörg María og Herdís stóðu vaktina á básnum fyrir sjávarútvegsfræðina ásamt Guðdís Benný, Hermanni Biering, Kristófer Dan og Katrínu Axelsdóttur.

### Stóra vísó 26-29 jan 2023

Góð þáttaka í stóru vísindaferðina hjá Stafnbúum. Farið var í ótal fyrirtæki sameiginlega með öðrum fyrirtækjum. Stafnbúar fóru svo í Icelandic seafood, Brim, Eimskip og Marel á föstudeginum en Líftækninemar skruppu einnig upp á Reykjanesið og fóru í Algalíf. Á laugardeginum var farið í Alvotech.

### Sjalli samstarf með HÍ 04.02.23

Þrjú nemendafélög frá Háskóla Íslands buðu okkur að vera með sér í sjalla hitting. Fengin var DJ og bjór í boði nemendafélaga.

### Peppkvöld fyrir Smakk-kvöld 28.02.23

Ákveðið var að halda pepp-kvöld fyrir smakk-kvöldið til þess að kynna nemendur fyrir fyrirkomulaginu og keyra stemminguna í gang. Ákveðið var að nýta sér pizza veislu í boði SHA sem Stafnbúar unnu með því að vera með bestu þátttöku í námskeiðsmatinu fyrr á árinu.

### Smakk-kvöld 2.03.23

Ellefta Smakk-kvöld Stafnbúa var haldið í seinni fjarnemavíkunni, fimmtudaginn 2. mars með pompi og prakt. Frábær þáttaka hjá stúdentum, mikill metnaður var í uppskriftum og hráefnum þetta árið en við teljum að það sé lykilatriði að halda peppkvöld nokkru áður til að kynna fyrsta árs nemana fyrir þessu. Aðal styrktaraðilar okkar þetta árið voru Benecta og Primex. Frábær mæting á kvöldið um 110 manns gróflega áætlað. Mikil sala á happdrættismiðum enda til mikils að vinna.

### Fyrirparty fyrir árshátíð SHA 11.03.23

Stafnbúar hituðu upp fyrir árshátíðina í anddyrinu á Borgum. Gripið í píluspjaldið og fengið sér einn til tvo drykki svo örkuðum við öll saman yfir í hátíðarsalinn.

### Aðalfundur Stafnbúa 21 mars 2023

Aðalfundur Stafnbúa var haldinn 21.mars upp á Borgum. Kosið var í nýja stjórn Stafnbúa fyrir árið 2023-2024 ásamt því að fara yfir allt sem gert var yfir árið og samþykkja nýjar samþykktir.

*Stjórn Þemis 2022-2023:*

**Formaður:** Aðalheiður Kristjánsdóttir

**Varaformaður:** Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir

**Gjaldkeri:** Nökkvi Alexander Jónsson Rounak

**Ritari:** Halla María Helgadóttir

**Nýnemafulltrúi:** Margrét Lilly Einarsdóttir

**Áheyrnarfulltrúi ML nema:** Trausti Örn Þórðarsson (hætti haustið 2022)

**Fulltrúi fjarnema:** Magnús Þór Jónsson



*Fulltrúar í fastanefndum SHA:*

**Fulltrúi í alþjóðanefnd:** Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir

**Fulltrúi í viðburðanefnd:** Cristina Cretu

**Fulltrúi í kynninganefnd:** Hulda Dröfn Sveinbjörnsdóttir

### **Aðalfundur Þemis 8. febrúar 2022**

Aðalfundur Þemis fór fram 8. febrúar 2022. Hann var rafrænn þar sem ekki var gerð krafa um mætingu í lotu vegna Covid-19 faraldursins og því voru ekki haldin formleg stjórnarskipti.

### **Lotuhittingar Þemis á Akureyri og í Reykjavík 9. febrúar 2022**

Fyrsti lotuhittingur nýkjörinnar stjórnar var heldur óhefðbundinn, þar sem ekki var gerð krafa um mætingu í lotu vegna Covid-19 faraldursins, sem þá hafði blossað upp aftur. Vegna þessa tók stjórnin ákvörðun um að reyna að koma til móts við sem flesta og halda tvo lotuhittinga á sama tíma, einn í Reykjavík á Dönsku kránni og einn fyrir norðan á Ölstofunni. Þemis bauð upp á fljótandi veitingar á báðum stöðum. Ekki var um met mætingu að ræða þetta kvöld en stjórnin var þó nokkuð sátt með mætinguna, miðað við aðstæður.

### **Árshátíð SHA 12. mars**

Árshátíð SHA var haldin laugardagskvöldið 12. mars í hátíðarsal HA. Þemis ákvað að halda fyrirpartý fyrir árshátíðina heima hjá einum stjórnarmeðlim, þar sem allir þeir Þemis meðlimir sem höfðu skráð sig á árshátíðina mættu og fengu sér fordrykk áður en árshátíðin hófst.

### **Bíókvöld Þemis og lagadeildarinnar 21. mars 2022**

Bíókvöld Þemis var haldið í samstarfi við lagadeildina mánudagskvöldið 21. mars í stofu í HA. Myndin Amanda Knox varð fyrir valinu. Mjög áhugaverð mynd og þá sérstaklega fyrir laganema sem hafa áhuga á sakamálaréttarfari.

### **Lotuhittingur 22. mars 2022**

Lotuhittingur Þemis 22. mars var haldinn á Ölstofunni. Þemis bauð upp á fljótandi veitingar á meðan birgðir entust og svo fengum við trúbador til að koma og spila fyrir okkur. Mætingin var mjög góð og stemmingin hreint út sagt stórkostleg.

### **Nýnemadagur og nýnemakvöld Þemis 24. ágúst 2022**

Nýnemadagar voru haldnir í Háskólanum 22. – 26. ágúst. Nýnemar í lögfræði fengu þar kynningu á skólanum og SHA. Þemis mætti líka og hélt kynningu um starfsemi félagsins og helstu viðburði á vegum þess. Í lokinn bauð Þemis öllum nýnemunum á svokallað nýnemakvöld sem haldið var á Ölstofunni kvöldið 24. ágúst. Mætingin var nokkuð góð miðað við fjölda þeirra nýnema sem mættu til Akureyrar. Þemis bauð upp á fljótandi veitingar og stemmingin var góð, nýnemarnir náðu að kynnast betur og spjalla saman.

### **Lotuhittingur 6. september**

Fyrsta lota haustannarinnar var heldur óhefðbundin, enda var lagadeildin prófa sig áfram með að hafa þrjár lotur á haustmisserinu og því var í fyrsta sinn haldin lota í byrjun september. Þar sem veðurspáin var góð ákváðum við að fara saman á happy hour rölt. Við byrjuðum á Múlabergi kl. 17:00, fórum þaðan á Centrum þar sem þeir sem vildu fengu sér að borða og svo enduðum við á Götubarnum, þar sem tveir hæfileikaríkir laganemar tóku að sér hlutverk trúbadors.

## **Sprellmót SHA**

Öflugur hópur laganema tók þátt í Sprellmóti SHA. Það hitti þó þannig á að laganemar voru í lotu í vikunni á undan og því miður voru því ekki margir sem gerðu sér aðra ferð norður. Kvöldið fyrir mótið héldum við svokallað "pepp-kvöld" þar sem við hittumst og máluðum búningana okkar en Þemis meðlimir voru LEGO-kubbar í ár.

## **Vísindaferð í lotu 4. október 2022**

Kvöldið 4. október var laganemum síðan boðið í vísindaferð, þar sem stéttarfélag lögfræðinga kom norður og hélt fyrir okkur kynningu um starfsemi félagsins. Eftir kynninguna var svo haldin móttaka á Borgum þar sem boðið var upp á veitingar en sú móttaka var sameiginleg með Kumpána, þar sem þau voru einnig að fá kynningu. Mætingin hjá laganemum var alveg til fyrirmyndar, stjórn Þemis taldi um 45-50 laganema í móttökunni. Eftir að viðburðinum á Borgum lauk var leiðinni svo haldið niður í bæ, þar sem partyið hélt áfram á Ölstöfunni.

## **Lærdómshittingur 19. október 2022**

Á önninni kom upp hugmynd um að halda lærdómshittingu upp í HA. Hittingurinn var haldinn 19. október þar sem stjórn Þemis taldi að nemar myndu ekki vilja hafa hittinginn í lotuviku, enda er dagskráin hjá flestum oftast pökkuð í lotuvikunni. Það voru því einungis staðnemar sem mættu en viðburðurinn heppnaðist vel. Nýnemar gátu þar fengið ráð frá eldri samnemendum sínum og sömuleiðis gátu lengra komnir nemendur rætt ýmis verkefni.

## **Mjólkurkvöld Þemis, Kumpána og Magister 4. nóvember 2022**

Sameiginlegt mjólkurkvöld aðildarféлага hug- og félagsvísindasviðs var haldið föstudagskvöldið 4. nóvember á Vamos. Boðið var upp á fljótandi veitingar fyrir fyrstu gestina og stemningin var góð.

## **Lotuhittingur 8. nóvember 2022**

Þriðjudagskvöldið 8. nóvember var lotuhittingur haldinn með breyttu sniði. Stjórn Þemis ákvað að skoða hvort áhugi væri fyrir því að fara öll saman út að borða áður en farið var á barinn og voru undirtektirnar mjög góðar. Samtals 42 laganemar skráðu sig í mat á Strikinu og svo röltum við á Götubarinn eftir matinn, þar sem fleiri laganemar bættust í hópinn. Mætingin var því enn og aftur frábær og taldi stjórnin kvöldið hafa gengið mjög vel fyrir sig.

### **Stóra Vísó 26. - 29. janúar 2022**

Þemis tók að sjálfsögðu þátt í Stóru Vísindaferð SHA, sem fór fram í Reykjavík 26. - 29. janúar 2023. Skráningin hjá Þemis gekk mjög vel og mættu 32 laganemar í vísindaferðirnar. Þemis ákvað að skipuleggja ferðir í Landsrétt, Alþingi, KPMG lögmenn og Sævar Þór & Partners en auk þess voru þrjár sameiginlegar ferðir á vegum SHA. Ferðin gekk mjög vel og stjórnin gat ekki betur séð en að allir hefðu verið ánægðir.

### **Lothittingur 7. febrúar 2023**

Í fyrstu lotu vorannarinnar var leiðinni haldið á Ölstofuna, þar sem hópurinn hittist og Þemis bauð upp á drykki á meðan birgðir entust. Mætingin var fín og stemmingin góð, við byrjuðum í spjalli á efri hæðinni og svo fór fólk að týnast niður í kareoki herbergið þegar leið á kvöldið.

### **Lotuhittingur 9. febrúar 2023**

Í febrúar lotunni var ákveðið að halda tvo lotuhittinga, þar sem BA nemar og ML nemar voru ekki í lotu á sömu dögum í þetta skiptið og stjórnin setti sér það markmið að reyna að hafa eitthvað fyrir alla þegar þeir mæta í lotu. Því var seinni lotuhittingurinn haldinn 9. febrúar á Götubarnum. Það hitti þannig á að Kilroy Pubquiz var að hefjast á barnum seinna um kvöldið svo við ákváðum að byrja snemma og taka saman upphitun fyrir pubquizið. Mætingin var ekki frábær, enda viðbúið þar sem mjög fáir ML nemar sem komu norður í lotu en engu að síður skemmtu þeir sem mættu sér vel.

### **Árshátíð 11. mars 2023**



Árshátíð SHA var haldin 11. mars 2023. Þar sem SHA færði aðalfund sinn svo að hann yrði haldinn í lok mars, þá færðu öll aðildarfélög einnig aðalfundi sína í samræmi við það, svo að tvær árshátíðir lentu í stjórnartíð fráfarandi Þemis stjórnar. Ákveðið var að halda sameiginlegt fyrirpartý með öðrum aðildarfélögum hug- og félagsvísindasviðs, Kumpána og Magister, á Vamos. Boðið var upp á fljótandi veitingar fyrir fyrstu sem mættu og síðan var tekin rúta upp í HA, þar sem árshátíðin var haldin með pompi og prakt.

**Mæting á viðburði félagsins hefur farið fram úr öllum væntingum og stjórnarmeðlimir eru virkilega ánægðir og þakklátir fyrir starfsárið. Fráfarandi stjórn er viss um að næsta stjórn muni standa sig frábærlega og óskar þeim góðs gengis. Um leið vill stjórnin þakka laganemum kærlega fyrir samstarfið á liðnu starfsári.**

*Stjórn Þemis 2022-2023*

## Ársreikningur Stúdentafélags Háskólans á Akureyri



### Rekstrarreikningur 24.02.2022-27.03.2023

	<i>Skýring</i>	2022-2023	2021-2022
<b>Tekjur</b>			
Framlag HA	1	12.200.177	12.094.095
Framlög og styrkir	2	465.000	100.000
Aðrar tekjur	3	149.144	933.278
Tekjur af skemmtunum	4	5.588.126	415.000
		<u>18.402.447</u>	<u>13.542.373</u>
<b>Gjöld</b>			
Framlag til deildarfélaganna	5	3.187.760	3.200.001
Laun og launatengd gjöld	6	4.730.000	4.354.000
Funda- og ferðakostnaður	7	473.877	189.774
Skemmtanamál	8	12.968.368	2.530.538
Vörukaup		0	0
Veittir styrkir	9	600.000	100.000
Rekstrarkostnaður	10	448.193	727.394
Tapaðar viðskiptakröfur		0	0
Önnur gjöld	11	585.400	535.175
Tilfærslur		0	0
Eignakaup	12	26.821	151.644
		<u>23.020.419</u>	<u>11.788.526</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur</b>		<b>-4.617.972</b>	<b>1.753.847</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld)		117.464	10.582
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>		<b>-4.500.508</b>	<b>1.764.429</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins</b>		<b>-4.500.508</b>	<b>1.764.429</b>


**Efnahagsreikningur 24.02.2022-27.03.2023**

	<i>Skýring</i>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>
<b>Eignir</b>			
Handbært fé	13	7.326.790	11.827.298
<i>Veltuffjármunir samtals</i>		<u>7.326.790</u>	<u>11.827.298</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><b>7.326.790</b></u>	<u><b>11.827.298</b></u>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun	14	11.827.298	10.060.283
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins	15	-4.500.508	1.767.015
<b>Höfuðstóll</b>		<u>7.326.790</u>	<u>11.827.298</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>7.326.790</u>	<u>11.827.298</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir	16	0	0
Víðskiptaskuldir		0	0
Ógreiddur kostnaður		0	0
<i>Skammtíma skuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><b>7.326.790</b></u>	<u><b>11.827.298</b></u>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	17	<u><b>-4.500.508</b></u>	<u><b>1.767.015</b></u>

**Skýringar**

*Grundvöllur ársreikningaskila: Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerðir um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónutölum (ISK).*

1. Framlag Háskólans á Akureyri til Stúdentafélags Háskólans á Akureyri samkvæmt samningi.
2. Styrkir frá Heimkaup/Orkusölunni/Símanum.
3. Aðrar tekjur líkt og flöskupeningur, misfærslur og tekjur vegna samtalsmiðaðs námskeiðsmats.
4. Tekjur af skemmtunum á vegum félagsins í formi framlaga undirfélaga og þátttökugjaldi stúdenta.

5. Framlag félagsins til undirfélaga sinna á starfsárinu 2022-2023.
6. Þóknanir fyrir störf stúdenta í þágu félagsins á starfsárinu 2022-2023.
7. Kostnaður við fundahöld og ferðakostnaður innanlands.
8. Kostnaður við skemmti-, íþrótta- og fjölskylduviðburði á starfsárinu 2022-2023.
9. Veittir styrkir á starfsárinu til blaðaútgáfu, ferða félagsmanna á ráðstefnur og þess háttar.
10. Kostnaður við rekstur og uppsetningu réttindaskrifstofu Stúdentafélags Háskólans á Akureyri.
11. Ýmis annar kostnaður; Endurgreiðslur á viðburði og kaup á kaffi fyrir nemendur.
12. Eignakaup, ný kommóða á skrifstofu.
13. Staða handbærs fé á bankareikningum félagsins og í reiðufé 27.03.2023.
14. Staða höfuðstóls í upphafi starfsárs 24.02.2022.
15. Tekjuafgangur af rekstri félagsins skólaárið 2022-2023.
16. Engin ógreidd skuld þetta starfsár.
17. Bókfærð rekstrarniðurstaða skólaársins 2022-2023.

Skoðunarmaður reikninga fyrir SHA hefur farið yfir reikninga SHA fyrir starfsárið 2022-23 og leggur ekki fram athugasemdir við þá.

*Akureyri, 25.03.2023*

*Sigurjón Þórsson*

*Skoðunarmaður reikninga SHA 2022-23*

## Ársreikningar aðildarfélaga

### Ársreikningur Data



Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri  
Efnahagsreikningur

Aðalfundur 14.03.2023



	Skýring	2022-2023	2021-2022
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímaskuldir.....		0	0
Handfært fé.....		132.967	202.380
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>132.967</u>	<u>202.380</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>132.967</u></b>	<b><u>202.380</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		84.036	388.457
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		57.131	-186.077
<i>Höfuðstóll</i>		<u>141.167</u>	<u>202.380</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>141.167</u>	<u>202.380</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>141.167</u></b>	<b><u>202.380</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>57.131</u></b>	<b><u>-186.077</u></b>



**Rekstrarreikningur**

	<i>Skýring</i>	2022-2023	2021-2022
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....		0	0
Framlag FSHA.....		330.003	288.344
Aðrar tekjur.....		0	0
Tekjur af skemmtunum.....		0	7.000
		<u>330.003</u>	<u>295.344</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....		0	0
Funda- og ferðakostnaður.....		0	0
Skemmtanamál.....		271.699	476.960
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		0	0
Rekstrarkostnaður.....		1.440	4.566
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Eignakaup.....		0	0
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0
		<u>273.139</u>	<u>481.526</u>
		<u>273.139</u>	<u>481.526</u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) fyrir hreinar fjármagnstekjur..</b>		<b>56.864</b>	<b>-186.182</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		267	105
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) .....</b>		<b>57.131</b>	<b>-186.077</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhali) ársins.....</b>		<b>57.131</b>	<b>-186.077</b>

## Ársreikningur Eirar



Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri  
**Efnahagsreikningur**

Aðalfundur dagsetning



	<i>Skýring</i>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....		437.998	1.060.868
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>437.998</u>	<u>1.060.868</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>437.998</u></b>	<b><u>1.060.868</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		1.060.868	543.712
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		211.768	2.097.156
Höfuðstóll		<u>1.272.636</u>	<u>2.640.868</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>1.272.636</u>	<u>2.640.868</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>1.272.636</u></b>	<b><u>2.640.868</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>211.768</u></b>	<b><u>2.097.156</u></b>







**Rekstrarreikningur**

	<i>Skýring</i>	2022-2023	2021-2022
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....		0	50.000
Framlag SHA.....		613.275	755.828
Aðrar tekjur.....		535.312	1.216.658
Tekjur af skemmtunum.....		0	0
		<b>1.148.587</b>	<b>2.022.486</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....		-452.514	- 790.000
Funda- og ferðakostnaður.....		18.320	0
Skemmtanamál.....		1.395.446	459.734
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		0	0
Rekstrarkostnaður.....		4.720	2.090
Tapaðar viðskiptakröfur.....		10.000	253.453
Eignakaup.....		-39.648	0
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0
		<b>936.324</b>	<b>-74.723</b>
		<b>936.324</b>	<b>-74.723</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.....</b>		<b>212.263</b>	<b>2.097.209</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		-495	-53
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>		<b>211.768</b>	<b>2.097.156</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<b>211.768</b>	<b>2.097.156</b>

## Ársreikningur Kumpána



	Skýring	2022-2023	2021-2022
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0,000
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0,000</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0,000
Handfært fé.....		296.434	579.232
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>296.434</u>	<u>579.232</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>296.434</u></b>	<b><u>579.232</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		603.253	401.944
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		-306.819	177.288
Höfuðstóll		<u>296.434</u>	<u>579.232</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>296.434</u>	<u>579.232</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>296.434</u></b>	<b><u>579.232,000</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>-306.819</u></b>	<b><u>177.288,000</u></b>



KUMPÁNI

**Rekstrarreikningur**

**Tekjur**

	<i>Skýring</i>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>
Framlög og styrkir.....		0	0
Framlag SHA.....		698.451	558.896
Aðrar tekjur.....		1.128	104.000
Tekjur af skemmtunum.....		0	0
		<b><u>699.579</u></b>	<b><u>662.896</u></b>

**Gjöld**

Laun og launatengd gjöld.....		0	0
Funda- og ferðakostnaður.....		0	0
Skemmtanamál.....		999.344	482.458
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		0	0
Rekstrarkostnaður.....		7.900	3.289
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Eignakaup.....		0	0
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0
		<b><u>1.007.244</u></b>	<b><u>485.747</u></b>
		<b><u>1.007.244</u></b>	<b><u>485.747</u></b>

<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur....</b>		<b>-307.665</b>	<b>177.149</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		846	139
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>		<b>-306.819</b>	<b>177.288</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<b>-306.819</b>	<b>27.820</b>

## Ársreikningur Magister



Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri  
Efnahagsreikningur

16/03/2023

	<i>Skýring</i>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....		260.484	521.909
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>260.484</u>	<u>521.909</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>260.484</u></b>	<b><u>521.909</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		521.909	558.904
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		-193.425	-48.883
Höfuðstóll		<u>328.484</u>	<u>510.021</u>
3			
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>328.484</u>	<u>510.021</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>328.484</u></b>	<b><u>510.021</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>-193.425</u></b>	<b><u>-48.883</u></b>

16/03/2023



**Rekstrarreikningur**

**Tekjur**

	<i>Skýring</i>	2022-2023	2021-2022
Framlög og styrkir.....		0	0
Framlag SHA.....		591.106	511.043
Aðrar tekjur.....		0	29.513
Tekjur af skemmtunum.....		0	0
		<b>591.106</b>	<b>540.556</b>

**Gjöld**

Laun og launatengd gjöld.....		-34.000	0
Funda- og ferðakostnaður.....		31.835	22.739
Skemmtanamál.....		781.023	362.780
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		0	0
Rekstrarkostnaður.....		5.673	5.944
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Eignakaup.....		0	195.378
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0
		<b>784.531</b>	<b>586.841</b>
		<b>784.531</b>	<b>586.841</b>

<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur....</b>		<b>-193.425</b>	<b>-46.285</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		0	-2.598
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>		<b>-193.425</b>	<b>-48.883</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<b>-193.425</b>	<b>-48.883</b>

## Ársreikningur Reka



Stúdentafélag  
Háskólans á Akureyri  
Efnahagsreikningur

Aðalfundur 16. mars 2023



	Skýring	2022-2023	2021-2022
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	0
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....	13	150.039	358.552
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>150.039</u>	<u>358.552</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>150.039</u></b>	<b><u>358.552</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	14	358.591	288.330
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....	15	-38.552	70.261
<i>Höfuðstóll</i>		<u>320.039</u>	<u>358.591</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>320.039</u>	<u>358.591</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		0	0
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>320.039</u></b>	<b><u>358.591</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	16	<b><u>-38.552</u></b>	<b><u>70.261</u></b>

**Rekstrarreikningur**

	<i>Skýring</i>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....	1	422.959	389.571
Framlag SHA.....	2	0	0
Aðrar tekjur.....	3	515	0
Tekjur af skemmtunum.....	4	0	0
		<b>423.474</b>	<b>389.571</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	5	-85.000	0
Funda- og ferðakostnaður.....	6	42.410	25.974
Skemmtanamál.....	7	499.843	291.140
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		0	0
Rekstrarkostnaður.....	8	4.660	2.300
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Eignakaup.....		0	0
Tilfærslur milli rekstrarára.....		0	0
		<b>461.913</b>	<b>319.414</b>
		<b>461.913</b>	<b>319.414</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.....</b>	<b>9</b>	<b>-38.439</b>	<b>70.157</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....	10	-113	104
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>	<b>11</b>	<b>-38.552</b>	<b>70.261</b>



## Ársreikningur Stafnbúa



21.3.2023



### Efnahagsreikningur

	Skýring	2022-2023	2021-2022
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir.....		0	95.000
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	362.804
			181.500
Aðrar skammtímaskröfur.....		0	24.000
Handfært fé.....	12	200.807	<b>663.304</b>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>200.807</u>	
		<b>200.807</b>	0
<b>Eignir samtals</b>			
			0
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	13	200.807	348.016
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....	14	-40.566	0
Höfuðstóll		<u>160.241</u>	21.865
			0
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>160.241</u>	-238.327
			0
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	<b>131.554</b>
Viðskiptaskuldir.....		0	<b>131.554</b>
Ógreiddur kostnaður.....		0	531.750
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	-2.855
			528.895
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>160.241</b>	<b>528.895</b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>	15	<b>-40.566</b>	<b>-507.030</b>

21.3.2023



	Skýring	2022-2023	2021-2022
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....	3	495.000	95.000
Framlag SHA.....	4	532.074	362.804
Aðrar tekjur.....	5	123.998	181.500
Tekjur af skemmtunum.....	6	259.000	24.000
		<b>1.410.072</b>	<b>663.304</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	7	0	0
Funda- og ferðakostnaður.....		76.071	0
Skemmtanamál.....	9	1.290.089	348.016
Vörukaup.....	10	0	0
Veittir styrkir.....	11	0	0
Rekstrarkostnaður.....	12	84.478	21.865
Tapaðar viðskiptakröfur.....	13	0	0
Eignakaup.....	14	0	-238.327
Tilfærslur milli rekstrarára.....	15	0	0
		<b>1.450.638</b>	<b>131.554</b>
		<b>1.450.638</b>	<b>131.554</b>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.....</b>	<b>16</b>	<b>-40.566</b>	<b>531.750</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....	17	0	-2.855
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>	<b>18</b>	<b>-40.566</b>	<b>528.895</b>

## Ársreikningur Pemis



### Efnahagsreikningur

	<i>Skýring</i>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>
<b>Eignir</b>			
Fastafjármunir.....		<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Fastafjármunir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
Aðrar skammtímakröfur.....		0	0
Handfært fé.....		<u>491.635</u>	<u>635.247</u>
<i>Veltufjármunir samtals</i>		<u>491.635</u>	<u>635.247</u>
<b>Eignir samtals</b>		<b><u>491.635</u></b>	<b><u>635.247</u></b>
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun.....		635.247	739.411
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....		<u>-143.612</u>	<u>-104.164</u>
Höfuðstóll		<u>491.635</u>	<u>635.247</u>
<i>Eigið fé samtals</i>		<u>491.635</u>	<u>635.247</u>
<b>Skuldir</b>			
Skammtímaskuldir.....		0	0
Viðskiptaskuldir.....		0	0
Ógreiddur kostnaður.....		<u>0</u>	<u>0</u>
<i>Skammtímaskuldir samtals</i>		<u>0</u>	<u>0</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b><u>491.635</u></b>	<b><u>635.247</u></b>
<b>Rekstrarniðurstaða ársins</b>		<b><u>-143.612</u></b>	<b><u>-104.164</u></b>



**Rekstrarreikningur**

	<i>Skýring</i>	<b>2022-2023</b>	<b>2021-2022</b>
<b>Tekjur</b>			
Framlög og styrkir.....		0	0
Aðrar tekjur.....		57.054	104.480
Framlag SHA.....		281.040	332.515
Tekjur af skemmtunum.....		0	0
		<u><b>338.094</b></u>	<u><b>436.995</b></u>
<b>Gjöld</b>			
Framlag til aðildarféлага.....		0	0
Laun og launatengd gjöld.....		0	0
Funda- og ferðakostnaður.....		0	0
Skemmtanamál.....		432.659	468.913
Vörukaup.....		0	0
Veittir styrkir.....		0	0
Rekstrarkostnaður.....		46.953	45.605
Tapaðar viðskiptakröfur.....		0	0
Önnur gjöld.....		9.767	27.437
Eignakaup.....		0	0
Tilfærslur.....		0	0
		<u><b>489.379</b></u>	<u><b>541.955</b></u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) fyrir hreinar fjármagnstekjur.....</b>		<b>-151.285</b>	<b>-104.960</b>
Fjármagnstekjur (fjármagnsgjöld).....		7.673	796
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) .....</b>		<u><b>-143.612</b></u>	<u><b>-104.164</b></u>
<b>Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins.....</b>		<u><b>-143.612</b></u>	<u><b>-104.164</b></u>